

KJARASAMNINGUR

LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

undirritaður 30. apríl 2005

Gildistími

frá 1. maí 2005 til 31. október 2008

RITSTÝRÐUR KJARASAMNINGSTEXTI

tekinn saman af

Landssambandi lögreglumanna

og

starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins

í maí 2006

5405
Landssamband lögreglumanna

Kjarasamningstexti þessi byggir í aðalatriðum á eftirtöldum gögnum:

1. Ritstýrðum kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, útgefnum í september 2002. Gildistími frá 1. júlí 2001 til 30. apríl 2005.
2. Samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila frá 30.04.2005. Gildistími frá 1. maí 2005 til 31. október 2008.
3. Samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BSRB frá 24. nóvember 2005.

Um gildistíma kjarasamningtextans

Megintexti þessa ritstýrða kjarasamnings gildir frá 1. maí 2005.

Eftirtaldar greinar taka þó gildi 1. maí 2006:

- | | |
|-------|------------------------------------|
| 1.1.1 | Mánaðarlaun |
| 4.4.1 | Tímabil sumarorlofs. |
| 11 | Stofnanabáttur og samstarfsnefndir |

Texti í kjarasamningnum hér á eftir, sem er skáletraður og/eða afmarkaður með ramma, er skýringartexti eða bókanir og samþykktir í tengslum við kjarasamninga LL.

Efnisyfirlit

0	Kjarasamningsmarkmið	bls.	1
0.1	Markmið og forsendur þessa samnings		
1	Kaup	-	2
1.1	Mánaðarlaun		
1.2	Röðun starfa og mat álags		
1.3	Sérstök tímabundin umbun		
1.4	Tímakaup í dagvinnu		
1.5	Yfirvinnutímakaup		
1.6	Vaktaálag, álagsgreiðslur		
1.7	Persónuuppbót í desember		
1.8	Héraðslögreglumenn		
2	Vinnutími	-	6
2.1	Almennt		
2.2	Dagvinna		
2.3	Yfirvinna		
2.4	Hvildartími		
2.5	Bakvaktir		
2.6	Vaktavinna og afbrigðilegur vinnutími		
3	Matar- og kaffitímar, fæði og mötuneyti	-	14
3.1	Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili		
3.2	Matar- og kaffitímar í yfirvinnu		
3.3	Vinna í matar- og kaffitímum		
3.4	Fæði og mötuneyti		
4	Orlof	-	16
4.1	Lengd orlofs		
4.2	Orlofsfé og orlofsuppbót		
4.3	Orlofsárið		
4.4	Sumarorlofstímabil		
4.5	Ákvörðun orlofs		
4.6	Veikindi í orlofi		
4.7	Frestun orlofs		
4.8	Áunninn orlofsréttur		
4.9	Orlofssjóður		
5	Ferðir og gisting	-	18
5.1	Ferðakostnaður samkvæmt reikningi		
5.2	Dagpeningar innanlands		
5.3	Greiðsluháttur		
5.4	Vinnusókn og ferðir		
5.5	Fargjöld erlendis		
5.6	Dagpeningar á ferðum erlendis		
5.7	Dagpeningar vegna námskeiða o. fl.		
5.8	Ferðakostnaðarnefnd		
5.9	Heimflutningur fjarri vinnustað		
5.10	Gistiaðstaða		

6	Aðbúnaður og hollustuhættir	bls.	21
6.1	Réttur lögreglumanna		
6.2	Um vinnustaði		
6.3	Lyf og sjúkragögn		
6.4	Öryggiseftirlit		
6.5	Slyshætta		
6.6	Læknisskoðun		
6.7	Aðgangur að sundstöðum		
7	Tryggingar	-	22
7.1	Slysatryggingar		
7.2	Farangurstrygging		
7.3	Persónulegir munir		
7.4	Slys á vinnustað		
7.5	Skaðabótaskylda ríkissjóðs		
8	Verkfæri og vinnuföt	-	25
8.1	Verkfæri		
8.2	Einkennis- og hlífðarföt		
9	Afleysingar	-	26
9.1	Staðgenglar		
9.2	Launað staðgengilsstarf		
9.3	Aðrir staðgenglar		
10	Fræðslumál	-	27
10.1	Lögregluskóli ríkisins		
10.2	Launalaust leyfi		
10.3	Starfsmenntunarsjóður		
10.4	Fræðslu- og starfsþróunarsjóður		
11	Stofnanasamningur	-	29
11.1	Skilgreining stofnanasamnings		
11.2	Markmið stofnanasamnings		
11.3	Gerð og framkvæmd stofnanasamnings		
11.4	Skipan og hlutverk samstarfsnefnda		
12	Réttur lögreglumanna vegna veikinda og slysa	-	31
12.1	Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður		
12.2	Réttur til launa vegna veikinda og slysa		
12.3	Starfshæfnisvottorð		
12.4	Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa		
12.5	Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns		
12.6	Skráning veikindadaga		
12.7	Veikindi og slysaforföll í fæðingarorlofi		
12.8	Veikindi barna yngri en 13 ára		
12.9	Samráðsnefnd		
12.10	Ákvæði til bráðabirgða		
12.11	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		

13	Tilhögun fæðingarorlofs	bls.	36
13.1	Gildissvið		
13.2	Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi		
13.3	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		
14	Fjölskyldu- og styrktarsjóður	-	37
14.1	Hlutverk fjölskyldu- og styrktarsjóðs		
14.2	Aðild að fjölskyldu- og styrktarsjóði		
14.3	Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs		
14.4	Iðgjaldagreiðslur launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð		
14.5	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		
15	Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar	-	38
15.1	Framlag í séreignarsjóð		
16	Launaseðill, félagsgjöld, iðgjaldagreiðslur	-	39
16.1	Launaseðill		
16.2	Félagsgjöld		
16.3	Orlofssjóðsgjald		
16.4	Starfsmenntunarsjóðsgjald		
17	Símakostnaður	-	40
17.1	Símakostnaður		
18	Gildistími og samningsforsendur	-	41
18.1	Gildistími		
18.2	Samningsforsendur		
Fylgiskjöl:			
	Bókanir sem ekki eru skráðar í framhaldi af tilheyrandi samningstexta	-	42
	Fylgiskjöl 1 og 2 með samkomulagi frá 30. apríl 2005	-	43
	Fylgiskjal með samkomulagi frá 13.07.2001		44
Viðaukar:			
1	Skýringartexti samningsgreina úr kafla 2.3, yfirvinna	-	45
2	Leiðbeiningar samráðsnefndar um vinnutíma	-	46
3	Samkomulag um vopnaburð lögreglumanna	-	50
4	Samkomulag um launalaus leyfi félagsmanna LL	-	51
5	Reglur um starfsmenntunarsjóð LL	-	54
6	Reglur um fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna	-	56
7	Reglur um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör	-	59
8	Reglur um auglýsingar á lausum störfum	-	62
9	Umburðarbréf ferðakostnaðarnefndar	-	63
10	Reglur um greiðslu ferðakostnaðar	-	65
11	Reglur um farangurstryggingar	-	67
12	Reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar	-	69
13	Launatafla frá gildistöku degi kjarasamnings LL, 1. maí 2005	-	74

0 Kjarasamningsmarkmið

0.1 Markmið og forsendur þessa samnings

0.1.1 Samningsaðilar ætla að stofnanir öðlist aukna möguleika til að haga starfsmannahaldi sínu á þann veg sem kemur sér best á hverjum tíma. Samningnum er þannig ætlað að auka sveigjanleika sem þeim er nauðsynlegur með því að draga enn úr takmörkunum í miðlægum kjarasamningum.

Almennt markmið aðila er að kjarasamningarnir styðji við framsækna starfsmannastefnu einstakra stofnana. Í því skyni eru gerðar breytingar á uppbyggingu launatöflu, m.a. til þess að auka gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum. Fjölgað er þeim úrræðum sem stofnanir hafa til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum með fleiri möguleikum til launasetningar, t.d. með því að gefa stofnunum kost á að árangurstengja hluta launanna. Til þess að ná m.a. þessum markmiðum er dregið úr aldurstengdum hækkunum í miðlægum hluta kjarasamninga og aldursprep felld brott úr launatöflu.

Möguleikar á launapróun umfram það sem samið er um í þessum samningi byggir á að hagræðing náist á stofnun að óbreyttum fjárheimildum.

1 Kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun lögreglumanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. maí 2006 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Sjá launatöflu frá gildistöku degi samningsins, 01.05.2005, á bls. 74

Álag vegna persónu- og tímabundinna þátta									
LFL	Upphæð	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%
01	128.500	131.713	134.925	138.138	141.350	144.563	147.775	150.988	154.200
02	134.925	138.298	141.671	145.044	148.418	151.791	155.164	158.537	161.910
03	141.671	145.213	148.755	152.296	155.838	159.380	162.922	166.463	170.005
04	148.755	152.474	156.193	159.912	163.631	167.349	171.068	174.787	178.506
05	156.193	160.098	164.003	167.907	171.812	175.717	179.622	183.527	187.432
06	164.003	168.103	172.203	176.303	180.403	184.503	188.603	192.704	196.804
07	172.203	176.508	180.813	185.118	189.423	193.728	198.033	202.339	206.644
08	180.813	185.333	189.854	194.374	198.894	203.415	207.935	212.455	216.976
09	189.854	194.600	199.347	204.093	208.839	213.586	218.332	223.078	227.825
10	199.347	204.331	209.314	214.298	219.282	224.265	229.249	234.233	239.216
11	209.314	214.547	219.780	225.013	230.245	235.478	240.711	245.944	251.177
12	219.780	225.275	230.769	236.264	241.758	247.253	252.747	258.242	263.736
13	230.769	236.538	242.307	248.077	253.846	259.615	265.384	271.154	276.923
14	242.307	248.365	254.422	260.480	266.538	272.595	278.653	284.711	290.768
15	254.422	260.783	267.143	273.504	279.864	286.225	292.585	298.946	305.306
16	267.143	273.822	280.500	287.179	293.857	300.536	307.214	313.893	320.572
17	280.500	287.513	294.525	301.538	308.550	315.563	322.575	329.588	336.600
18	294.525	301.888	309.251	316.614	323.978	331.341	338.704	346.067	353.430
19	309.251	316.982	324.714	332.445	340.176	347.907	355.639	363.370	371.101
20	324.714	332.832	340.950	349.068	357.185	365.303	373.421	381.539	389.657
21	340.950	349.474	357.998	366.521	375.045	383.569	392.093	400.616	409.140
22	357.998	366.948	375.898	384.848	393.798	402.748	411.698	420.648	429.598
23	375.898	385.295	394.693	404.090	413.488	422.885	432.283	441.680	451.078
24	394.693	404.560	414.428	424.295	434.162	444.030	453.897	463.764	473.632

1.1.2 Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

1.1.3 Mánaðarlaun skv. gr. 1.1.1, taki þeim hækkunum sem hér segir:

1. janúar 2007: 2,90%

1. janúar 2008: 2,50%

1.2 Röðun starfa og mat álags

1.2.1 Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttu-stig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

1.2.2 Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2, sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta

til hækkunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum. Í stofnanasamningi skal kveðið á um hvort og með hvaða hætti álagið skiptist.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og forsendur þeirra skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

1.3 Sérstök tímabundin umbun

1.3.1 Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. greinum 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

1.4 Tímakaup í dagvinnu

1.4.1 Tímavinnukaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarlaunum starfsmanns skv. greinum 1.1.1 og 1.2.2.

1.4.2 Tímakaup í dagvinnu, hverjum má greiða

Heimilt er að greiða tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Nemendum við störf í námshléum.
2. Lífeyrisþegum sem vinna hluta úr starfi.
3. Lögreglumönnum sem ráðnir eru til skamms tíma vegna sérstakra árvissra álagstíma ýmissa embætta þó eigi lengur en 2 mánuði.
4. Lögreglumönnum sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum.
5. Lögreglumönnum sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma þó aðeins í algjörum undantekningar tilvikum.

1.5 Yfirvinnutímakaup

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum lögreglumannsins.

1.5.2 Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðardögum skv. 2.1.4.3 greiðist með tímakaupi, sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum lögreglumannsins.

1.5.3 Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi. Sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi, skal heimilt að semja um mánaðarlega þóknun fyrir hana.

1.5.4 Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd samkvæmt tímareikningi, skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi lögreglumann og í samráði við Landssamband lögreglumanna.

1.6 Vaktaálag, álagsgreiðslur

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnutímakaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 55,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga - föstudaga
- 55,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 90,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 90,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

1.6.3 Vinnutími lögreglumanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Greitt skal fyrir eyður í vinnutíma með vaktaálagi skv. gr. 1.6.1.

1.6.4 Greiðsla fyrir eyður og bakvakt á dagvinnutímabili skv. gr. 2.2.1 er 33,33% álag.

1.6.5 Lögreglumenn á bifhjólum fá greitt 20% álag fyrir hverja unna klukkustund á bifhjóli. Álag þetta reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

1.7 Persónuuppbót í desember

1.7.1 Persónuuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 45.000
Á árinu 2006 kr. 45.000
Á árinu 2007 kr. 45.000

Lögreglumaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Persónuuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi lögreglumaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig lögreglumaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda persónuuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt lögreglumaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs. Málsgrein þessi gildir þó ekki um þá lögreglumenn sem hefja töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí til 31. desember ár hvert.

Lögreglumaður sem hefur töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí til 31. desember, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember sem miðast við 12 mánaða starf og meðalstarfshlutfall.

1.8 Héraðslögreglumenn

1.8.1 *Greinin brottfelld skv. 5. grein samkomulags aðila frá 30.04.2005.*

1.8.2 Héraðslögreglumenn skulu fá sérstaka þóknun sem greiðist eftir á tvisvar á ári, í júní vegna tímabilsins janúar til júní og í desember vegna tímabilsins júlí til desember. Skal þóknunin í hvort sinn nema fjárhæð er samsvarar 200 vaktaálagsstundum með 33% álagi samkvæmt launaflokki viðkomandi og komi því aðeins til greiðslu að hann hafi sinnt starfi héraðslögreglumanns á tímabilinu.

Um kjör þeirra að öðru leyti gildir kjarasamningur þessi eftir því sem við á.

Sjá reglugerð nr. 283/1997 um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi.

2.1 Almennt

2.1.1 Vinnuvika lögreglumanna í fullu starfi skal vera 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið.

2.1.2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi meirihluta starfsmanna er málið varðar og viðkomandi lögreglustjóra.

2.1.3 Vinnutími lögreglumanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið.

2.1.4 Frídagar

2.1.4.1 Almennir frídagar eru laugardagar og sunnudagar.

2.1.4.2 Sérstakir frídagar eru:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur
6. Annar í páskum
7. Sumardagurinn fyrsti
8. 1. maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17. júní
13. Frídagur verslunarmanna
14. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
15. Jólادagur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.1.4.3 Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
7. Jólادagur
8. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.2 Dagvinna

- 2.2.1 Dagvinna skal unnin á tímabilinu kl. 08:00-17:00 frá mánudegi til föstudags.
- 2.2.2 Lögreglustjóra er heimilt að verða við óskum einstakra lögreglumanna um sveigjanlegan vinnutíma á tímabilinu kl. 07:00 – 18:00 á virkum dögum. Leita skal samþykkis samningsaðila þegar slíkar heimildir eru veittar.
- 2.2.3 Dagvinnumaður sem vinnur hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skv. gr. 2.2.1, skal fá greitt álag skv. gr. 1.6.1 á þann hluta starfs síns. Hafi verið samið um rýmkun á dagvinnutímabili, skv. gr. 2.1.2 eða gr. 2.2.2, greiðist ekki álag utan þeirra tímamarka sem greinir í gr. 2.2.1.

2.3 Yfirvinna

- 2.3.1 Yfirvinna telst sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku lögreglumanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé.
 - 2.3.2 Öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2, greiðist sem yfirvinna skv. gr. 1.5 nema vinnan falli undir ákvæði gr. 2.6.9.
 - 2.3.3.1 Þegar lögreglumaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því að hann fór til vinnu, en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.
 - 2.3.3.2 Ef útkall hefist á tímabilinu 00:00 - 08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00 - 24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 og 1/2 klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða 1/2 klst. til viðbótar við unninn tíma.
- Við lágmarksgreiðslu í útkalli bætist hvorki matar- og /eða kaffitími né ferðatími eða bæting fyrir slíkt. Sjá skýringar á gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2 á bls. 46.*
- 2.3.4 Hafi lögreglumaður skv. lögum eða samningi skemmri vikulega vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í gr. 2.1.1, skal vinna umfram hana greidd skv. gr. 2.3.5 og 2.3.6.
 - 2.3.5 Óreglubundin vinna umfram hina skertu vinnuskyldu eða samfelld vinna skemur en einn mánuð greiðist með því kaupi sem greitt er fyrir yfirvinnu.
 - 2.3.6 Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka, allt að fullri vinnuskyldu, greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum enda hafi lögreglumanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst.
 - 2.3.7 Öll yfirvinna skal greidd eftirá fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reiknitímabilsins. Sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili.
 - 2.3.8 Haldin skal skrá yfir þá aukavinnu sem unnin er og leitast skal við að hún skiptist sem jafnast milli lögreglumanna.
 - 2.3.9 Heimilt er lögreglumanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun.

Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnukaupi lögreglumanns.
Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í fríi, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

2.4 Hvíldartími

2.4.1 Gildissvið o. fl.

Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og samninganefndar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem fylgir kjarasamningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans.

Í þessu sambandi vísast jafnframt til leiðbeininga samráðsnefndar um skipulag vinnutíma, dags. 16. febrúar 2001. Samráðsnefnd þessi er skipuð samkvæmt 14. gr. framangreinds samnings og er henni einnig falið að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna þeirra málefna sem þar er fjallað um. Sjá viðauka 2 á bls. 47. Einnig er bent á ritið "Skipulag vinnutíma", útgefnu í janúar 2002 af fyrrgreindri samráðsnefnd.

2.4.2 Daglegur hvíldartími - Um skipulag vinnutíma

Vinnutíma skal haga þannig að á 24 stunda tímabili, reiknað frá skipulögðu/venjubundnu upphafi vinnudags lögreglumanns, fái lögreglumaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið, skal dagleg hvíld ná til tímabilsins frá kl. 23:00 til 06:00.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími á 24 klst. tímabili fari umfram 13 klst.

Skipulagt eða venjubundið upphaf vinnudags - skýring:

Sé skipulagt upphaf vinnudags t.d. kl. 8:00, skal miða við það tímamark. Hafi lögreglumaður á hinn bóginn fastan vinnutíma sem hefst t.d. kl. 20:00, skal sólarhringurinn miðaður við það tímamark. Í vaktavinnu er eðlilegt að miða upphaf vinnudags við merktan vinnudag á vaktskrá/varðskrá. Sé ekki um merktan vinnudag að ræða, t.d. aukavakt í vaktafrii, miðast upphafið við tímamörk síðasta merkta vinnudags.

Lögreglumaður á rétt á a.m.k. 15 mín. hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en 6 klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.

2.4.3 Frávik frá daglegri lágmarkshvíld

2.4.3.1 Vaktaskipti

Á skipulegum vaktaskiptum er heimilt að stytta samfellda lágmarkshvíld lögreglumanna í allt að 8 klst. Þetta á t.d. við þegar lögreglumaður skiptir af morgunvakt yfir á næturvakt samkvæmt skipulagi vaktskrár.

Fráviksheimild þessi frá 11 klst. lágmarkshvíld á hins vegar ekki við þegar lögreglumaður lýkur yfirvinnu og fer yfir á reglubundna vakt og öfugt.

Þar sem hér er um frávik frá meginreglunni um 11 klst. samfellda hvíld að ræða, verður að gera þá kröfu til vaktkerfis að það sé skipulagt þannig að skipti milli mismunandi tegunda vakta séu sem sjaldnast á vaktahring og að jafnaði reyni ekki á frávik þetta oftar en einu sinni í viku. Vinnan skal því skipulögð með sem jöfnustum hætti.

2.4.3.2 **Sérstakar aðstæður**

Við sérstakar aðstæður er heimilt að stytta samfellda lágmarkshvöld í allt að 8 klst. og lengja vinnulotu í allt að 16 klst., þ.e.a.s. við ófyrirsjáanleg atvik þegar þjarga þarf verðmætum. Ennfremur þegar almannaheill krefst þess og/eða halda þarf uppi nauðsynlegri heilbrigðis- eða öryggisþjónustu.

Sé heimildum til frávika frá daglegum hvíldartíma skv. þessum lið beitt, skal lögreglumaður fá samsvarandi hvöld í staðinn. Í beinu framhaldi af slíkri vinnulotu skal veita lögreglumanni 11 klst. hvöld á óskertum launum sem hann annars hefði fengið.

2.4.3.3 **Truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna**

Ef truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuslots, bilana í vélum eða öðrum búnaði eða annarra slíkra ófyrirséðra atvika, má víkja frá ákvæðum um daglega lágmarkshvöld að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Um er að ræða tilvik sem ekki verða séð fyrir. Rétt er að kalla annan lögreglumann til vinnu til að leysa þann lögreglumann af sem ekki hefur náð tilskilinni hvöld, sé þess nokkur kostur.

2.4.4 **Vikulegur hvíldardagur**

Á hverju 7 daga tímabili skal lögreglumaður fá a.m.k. einn vikulegan hvíldardag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi. Lögreglumaður á þannig að fá 35 klst. samfellda hvöld einu sinni í viku.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur hvíldardagur vera á sunnudegi og lögreglumaður fá frí á þeim degi. Þó má embætti með samkomulagi við lögreglumann sína fresta vikulegum hvíldardegi þar sem sérstakar ástæður gera slík frávík nauðsynleg, þannig að í stað vikulegs hvíldardags komi tveir samfelldir hvíldardagar á hverjum tveimur vikum.

Sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum hvíldardegi sé frestað, skal haga töku hvíldardaga þannig að teknir séu tveir hvíldardagar saman.

Ef sérstök þörf er á því að kveðja lögreglumann til starfa á fyrirfram ákveðnum vikulegum hvíldardegi hans þrátt fyrir að ekki liggja fyrir samkomulag samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar og jafnframt að hann hafi ekki hafnað að gera slíkt samkomulag, skal sá dagur bættur með frídegi á virkum degi.

2.4.5 **Fritökuréttur**

2.4.5.1 **Almenn skilyrði fritökuréttar**

Hafi stjórnandi metið það svo að brýn nauðsyn sé til að lögreglumaður mæti til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvöld er náð, skapast fritökuréttur, 1½ klst. (í dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem hvöldin skerðist. Ávinnsla fritökuréttar einskorðast ekki við heilar stundir. Lögreglumaður á ekki að mæta aftur til vinnu fyrr en að aflokinni 11 klst. hvöld nema hann hafi sérstaklega verið beðinn um það. Mæti lögreglumaður eigi að síður áður en hann hefur náð hvöldinni, ávinnur hann sér ekki fritökurétt.

2.4.5.2 **Samfelld hvöld rofin með útkalli – Fritökuréttur miðað við lengsta hlé**

Ef hvöld er rofin einu sinni eða oftar innan 24 stunda tímabils miðað við skipulagt/venjubundið upphaf vinnudags lögreglumanns, skal bæta það sem vantar upp á að 11 klst hvöld náist, miðað við lengsta hlé innan vinnulotu, með fritökurétti, 1½ klst. (dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem vantar upp á 11 klst. hvöld.

- 2.4.5.3 **Vinna umfram 16 klst.**
Hafi lögreglumaður unnið samtals meira en 16 klst. á einum sólarhring, þ.e. hverjum 24 klst., miðað við skipulagt/venjubundið upphaf vinnudags lögreglumanns, án þess að ná 8 klst. samfelldri hvíld, skal lögreglumaður undantekningarlaust fá 11 klst. samfellda hvíld að lokinni vinnu, án frádráttar á þeim launum sem hann annars hefði fengið. Fritökuréttur, 1,5 klst. (dagvinna) safnast upp fyrir hverja klst. sem unnin var umfram 16 klst.
- 2.4.5.4 **Aukinn fritökuréttur vegna samfelldrar vinnu umfram 24 klst**
Í þeim sérstöku undantekningartilvikum að lögreglumaður vinni samfellt fullar 24 stundir, skal fritökuréttur aukast þannig að hver heil stund umfram 24 veitir fritökurétt sem er 1,8% lengri en sá fritökuréttur sem næsta stund á undan gaf.
- 2.4.5.5 **Vinna á undan hvíldardegi**
Vinni lögreglumaður skv. ákvörðun yfirmanns það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags eða vaktar (sjá skýringaramma í gr. 2.4.2), skal lögreglumaður mæta samsvarandi síðar við upphaf næsta reglubundna vinnudags, án frádráttar á þeim launum sem hann annars hefði fengið, ella safnast upp fritökuréttur, 1½ klst. í dagvinnu fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist.
- 2.4.5.6 **Upplýsingar um fritökurétt á launaseðli**
Uppsafnaður fritökuréttur skal koma fram á launaseðli og hann skal veittur í hálfum eða heilum dögum.
- 2.4.5.7 **Fritaka**
Fritökuréttur skal veittur í samráði við lögreglumann enda sé uppsafnaður fritökuréttur a.m.k. fjórar stundir og skal fritaka ekki veitt í styttri lotum en það. Leitast skal við að veita frí svo fljótt sem auðið er eða með reglubundnum hætti til að koma í veg fyrir að frí safnist upp.
- 2.4.5.8 **Greiðsla hluta fritökuréttar**
Heimilt er að greiða út ½ klst. (í dagvinnu) af hverri 1½ klst. sem lögreglumaður hefur áunnið sér í fritökurétt, óski hann þess.
- 2.4.5.9 **Uppgjör við starfslok**
Við starfslok skal ótekinn fritökuréttur gerður upp með sama hætti og orlof. Fritökuréttur fynist ekki.
- 2.4.6 **Æðstu stjórnendur og aðrir þeir sem ráða vinnutíma sínum sjálfir**
Aðilar þessir geta eðli málsins samkvæmt ekki áunnið sér fritökurétt, sbr. einnig gildissvið vinnuverndarákvæða um þá í tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104/EC, 1.tölul., a-liðar, 17.gr. og 4.mgr., 1.gr. framangreinds samnings aðila vinnumarkaðarins dags. 23.01.1997.
- 2.4.7 Aðilar eru sammála um að reglubundin vinna lögreglumanna skuli skipulögð á grundvelli samnings þess er um getur í 2.4.1.
- 2.4.7.1 Í 2. mgr. 1. gr. samningsins segir hins vegar:
“Samningurinn nær til launamanna á samningssviði samningsaðila. Hann á þó ekki við í þeim tilvikum þegar um er að ræða nauðsynlega öryggisstarfsemi og brýna rannsóknarhagsmuni á sviði löggæslu eða þegar innt er af hendi vinna samkvæmt fyrirmælum almannavarnarnefnda eða við daglegan rekstur stjórnstöðvar almannavarna. Sama gildir um eftirlitsstörf vegna snjóflóða.”
- Á grundvelli framangreindrar 2. mgr. 1. gr. samningsins um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi framkvæmd vinnutíma við þær aðstæður sem þar er lýst.

2.4.7.2 Lögreglustjóri, staðgengill hans eða yfirlögregluþjónn, skal segja til um hvenær þær aðstæður sem 2. mgr. 1. gr. tekur til hafi skapast og hvenær þeim ljúki. Skulu þá gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Ef lögreglumaður er boðaður til vinnu, á þessum forsendum innan átta klukkustunda frá því að vinnu lauk, ávinnst frítökuréttur, 1,5 klst. fyrir hverja unna klukkustund.
2. Ef þessar forsendur skapast í miðri vinnulotu og lögreglumanni er gert að vinna áfram samfelld, ávinnst frítökuréttur, 1,5 klst. fyrir hverja unna klukkustund, umfram 16 klst. frá upphafi vinnulotu.
3. Ef lögreglumaður er boðaður til vinnu, á þessum forsendum, eftir átta klukkustunda hvíld en innan 11 klst. frá því að vinnu lauk, ávinnst frítökuréttur, 1,5 klst. fyrir hverja unna klukkustund umfram 16 klst., að meðtöldri síðustu vinnulotu en að frádreginni hvíld.
4. Auk frítökuréttar samkvæmt ofangreindu, heldur lögreglumaður reglubundnum launum, þ.e. dagvinnu, vaktaálagi og yfirvinnu.
5. Áður en lögreglumaður mætir til reglubundinnar vinnu á ný, ber honum 11 klst. hvíld án skerðingar á nokkrum þeim reglubundnu launum sem hann hefði fengið greidd.

2.5 Bakvaktir

2.5.1 Með bakvakt er átt við að lögreglumaður sé ekki við störf en reiðubúinn til að sinna útkalli. Það telst ekki bakvakt ef lögreglumaður dvelst á vinnustað skv. beiðni yfirmanns. Um greiðslu fyrir bakvakt sjá gr. 1.6.2.

2.5.2 Lögreglumaður á rétt á fríi í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 54 mínútna frí jafngildir 90% vaktaálagi.

2.5.3 Bakvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.

Við lágmarksgreiðslu í útkalli bætist hvorki matar- og/eða kaffitími né ferðatími eða bæting fyrir slíkt.

Sé um endurtekin útköll að ræða með stuttu millibili, skal greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þangað til síðara/síðasta útkalli lýkur.

2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svara mest 80 klst. fyrir hverjar 1.200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

2.5.5 Unnar stundir á bakvöktum skulu ekki dregnar frá þegar bakvaktarstundir á ári eru taldar, sbr. gr. 2.5.4.

2.5.6 Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. T.d. er heimilt að semja um ákveðinn fjölda klukkustunda fyrir bakvakt án tillits til tímalengdar. Ef samið er um aðrar bakvaktargreiðslur en um getur í gr. 1.6.2 skal, að teknu tilliti til útkallatíðni og lengdar útkalla á tilteknu viðmiðunartímabili, semja um að bakvaktargreiðslur falli ekki niður í útköllum, að hluta til eða öllu leyti.

Bókun 3 frá 13.07.2001:

Þar til gengið hefur verið frá fyrirkomulagi greiðslna skv. gr. 2.5.6 skal eftirfarandi eldra fyrirkomulag gilda:

Á fámennum stöðum þar sem 3 lögreglumenn eða færri starfa, skal samið sérstaklega um vinnutíma þeirra. Samningar þessir skulu gerðir á milli viðkomandi lögreglustjóra og lögreglumanna en háðir samþykki fjármálaráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og LL. Um greiðslur og annað sem af vinnutímafyrirkomulagi leiðir, skal samið milli LL og viðkomandi ráðuneyta.

Þar sem 3 lögreglumenn starfa,
skal gæsluvaktastundafjöldi vera 375 klst. á mánuði.

Þar sem 2 lögreglumenn starfa,
skal gæsluvaktastundafjöldi vera 380 klst. á mánuði.

Þar sem 1 lögreglumaður starfar,
skal gæsluvaktastundafjöldi vera 280 klst. á mánuði.

2.6 Vaktavinna og afbrigðilegur vinnutími

2.6.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvökum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils.

2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Miða skal við almanaksmánuð. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24 - 168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

2.6.3 Við samningu varðskrár skal þess gætt að helgidagavinna skiptist sem jafnast á lögreglumenn.

2.6.4 Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 - 10 klst. að lengd. Heimilt er, sbr. gr. 2.1.2, að semja um aðra tímalengd vakta.

2.6.5 Breytingar á grein 2.6.4 eru heimilar með samkomulagi skv. gr. 2.1.2.

2.6.6 Þar sem nauðsyn er samvistartíma við vaktaskipti, skal fella hann inn í hinn reglulega vinnutíma.

2.6.7 *Greinin brottfæld skv. kjarasamningi frá 19. október 1995.*

2.6.8 Skipulagi vaktavinnu skal haga þannig að lögreglumenn fái að jafnaði tvo samfellda frídaga í viku.

2.6.9 Landssamband lögreglumanna á rétt á að semja um að þeir lögreglumenn í fullu starfi sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og skila til jafnaðar 40 klst. vinnu á viku allt árið, geti í stað greiðslna skv. gr. 2.3.2 fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við heils árs starf. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga, sbr. framanritað, skal auk þess launa með vaktaálagi, sé þessi kostur valinn.

- 2.6.10 Þeir vaktavinnumenn sem eigi notfæra sér eða njóta heimilda skv. gr. 2.6.9, skulu eiga kost á svofelldum uppgjörsmáta:

Greitt verði skv. varðskrá yfirvinnukaup sbr. gr. 1.5.1 fyrir vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum skv. gr. 1.5.2, þó aldrei minna en 8 klst fyrir hvern merktan vinnudag.

Bættur skal hver dagur sem ekki er merktur vinnudagur á varðskrá og fellur á sérstakan frídag eða stórhátíðardag annan en laugardag eða sunnudag (laugardagur fyrir páska undanskilinn) með greiðslu yfirvinnukaups í 8 klst. eða með öðrum frídegi.

Bæta skal með 8 klst. þá daga sem taldir eru upp í greinum 2.1.4.2 og 2.1.4.3 að undanskildum aðfangadegi og gamlársdegi sem bætast með 4 klst. miðað við fullt starf.

Dæmi um sérstakan frídag í orlofi:

Skylduvakt ber upp á 17. júní, jafnframt er lögreglumaðurinn í orlofi. Þá má velja um að telja vaktina að fullu til orlofstöku og greiða 8 klst. á yfirvinnukaupi, eða að sleppa 8 klst. úr orlofstöku, en það, sem kann að vera umfram 8 klst. vinnuskyldu þann dag, telst til orlofstöku.

- 2.6.11 Lögreglumenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Lögreglumönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal telja hverja vakt sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu, 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam.

- 2.6.12 *Greinin brottfelld skv. samkomulagi frá 13. júlí 2001.*

- 2.6.13 Lögreglumaður sem vinnur vaktavinnu, skal undanþeginn næturvaktaskyldu þegar hann hefur náð 55 ára aldri. Notkun þessarar undanþáguheimildar hefur ekki í för með sér lækkun á launaflokki viðkomandi lögreglumanns.

3 Matar- og kaffitímar, fæði og mötuneyti

3.1 Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili

- 3.1.1 Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30 og telst hann eigi til vinnutíma.
- 3.1.2 Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanna embættis og einfalds meirihluta þeirra lögreglumanna sem málið varðar.
- 3.1.3 Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt skv. gr. 3.1.2, lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengdir skv. gr. 3.1.2, telst lengingin ekki til vinnutímans.
- 3.1.4 Á venjulegum vinnudegi skulu vera 2 kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.
- 3.1.5 Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.

3.2 Matar- og kaffitímar í yfirvinnu

- 3.2.1 Sé unnin yfirvinna, skulu vera matartímar 1 klst. kl. 19:00-20:00 að kvöldi, kl. 03:00-04:00 að nóttu og á tímabilinu kl. 11:30-13:30 á frídögum skv. gr. 2.1.4. Matartímar þessir á yfirvinnutímabili teljast til vinnutímans.
- 3.2.2 Sé unnin yfirvinna eða aukavakt skulu kaffitímar vera kl. 21:00-21:20, 24:00-00:20, 05:40-06:00 og síðustu 15 mín. fyrir dagvinnumörk. Kaffi og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu 08:00-17:00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.

3.3 Vinna í matar- og kaffitímum

- 3.3.1 Sé unnið í matartíma þannig að matarhlé nái ekki fullum umsömdum tíma, skal matartíminn að sama hluta greiðast með yfirvinnukaupi.
- 3.3.2 Matar- og kaffitímar á yfirvinnutímabili sem unnir eru, greiðast sem viðbót við yfirvinnutíma og auk þess kaffitímar í yfirvinnu, sé unnið að fremri mörkum þeirra.

3.4 Fæði og mötuneyti

- 3.4.1 Lögreglumenn sem eru við störf á föstum vinnustað, skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Lögreglumenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrar- kostnaður greiðist af viðkomandi embætti.

- 3.4.2 Á þeim vinnustöðum þar sem ekki eru starfrækt mötuneyti, skal reynt að tryggja lögreglumönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti á vegum ríkisins eða látinn í té útbúnaður til að flytja matinn á matstofu vinnustaðar þannig að lögreglumönnum sé flutningur matarins að kostnaðarlausu.
- 3.4.3 Ef embættið kaupir mat hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2, skulu lögreglumenn greiða fyrir sambærilegan mat upphæð er svarar til meðaltalsverðs er starfsmenn greiða í þremur mötuneytum, þ.e. stjórnarráðs, Sjórnvarps og í Borgartúni 7.
- 3.4.4 Lögreglumenn sem ekki njóta mataraðstöðu skv. gr. 3.4.1 - 3, skulu fá það bætt með fæðispeningum sem nema 228,03 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu uppfyllt þau skilyrði er getur í 3. mgr., töluliðum 1 - 3 hér að neðan.
- Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu matvöruliðar í vísitölu neysluverðs með vísitölu maímánaðar 2006 sem grunnvísitölu (195,8 stig).
1. Vinnuskylda lögreglumanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
 2. Lögreglumaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað kl. 11:00-14:00 að frádregnu matarhléi.
 3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.
- 3.4.5 Þar sem mötuneyti eru á vinnustöðum, skulu lögreglumenn sem kaupa þar fæði, tilnefna 2 trúnaðarmenn úr sínum hópi til þess að fylgjast með rekstri mötuneytisins og eiga aðgang að reikningum þess.
- 3.4.6 Lögreglumönnum skal tryggt að þeir fái endurgjaldslaust, meðan þeir eru að störfum, kaffi, te, kakó, mjólk og sykur og aðstöðu til að neyta matar og kaffis.

4 Orlof

4.1 Lengd orlofs

- 4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Lögreglumaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar lögreglumaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá óbyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að varðskrá haldist óbreytt.
- 4.1.2 Lögreglumaður sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Lögreglumaður sem nær 38 ára aldri fær enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.
- 4.1.3 Lögreglumaður sem fyrir undirritun kjarasamnings þessa hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í gr. 4.1.1 skal halda honum, en um frekari ávinnslu fer skv. gr. 4.1.2.

Hér er átt við rétt sem áunninn var fyrir undirritun kjarasamnings 13. júlí 2001.

4.2 Orlofsfé og orlofsuppbót

- 4.2.1 Lögreglumaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

4.2.2 Orlofsuppbót

Hinn 1. júní ár hvert skal lögreglumaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi lögreglumaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall.

Sama gildir ef lögreglumaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu embættis lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum.

Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800
Á árinu 2006 kr. 22.400
Á árinu 2007 kr. 23.000
Á árinu 2008 kr. 23.600

4.3 Orlofsárið

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4.4 Sumarorlofstímabil

4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september.

4.4.2 Lögreglumaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því við komið vegna starfa embættisins.

4.4.3 Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um fjórðung. Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni yfirmanns.

4.5 Ákvörðun orlofs

4.5.1 Yfirmaður ákveður í samráði við lögreglumenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum lögreglumanna um hvenær orlof skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma, sé þess óskað af hálfu lögreglumanns og því verður við komið vegna starfa embættisins. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja lögreglumanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

4.6 Veikindi í orlofi

4.6.1 Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

Tilkynna skal yfirmanni án tafar með sannanlegum hætti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

4.7 Frestun orlofs

4.7.1 Nú tekur lögreglumaður ekki orlof eitthvert ár og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

4.7.2 Nú tekur lögreglumaður ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs, ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma.

4.8 Áunninn orlofsréttur

4.8.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins lögreglumanns.

4.9 Orlofssjóður

4.9.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð BSRB. Gjald þetta skal nema 0,25% af fullum launum lögreglumanna í þjónustu ríkisins. Gjald þetta skal greiða ársfjórðungslega eftirá skv. útreikningum fjármálaráðuneytisins.

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður samkvæmt reikningi

- 5.1.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum ríkisins skal greiðast eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að lögreglumaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.1.2 Lögreglumenn skulu fá fyrirframgreiðslu áætlaðs ferðakostnaðar.
- 5.1.3 Um uppgjör ferðakostnaðar, þar með talið akstursgjald, fer eftir sömu reglum og um uppgjör yfirvinnu.

5.2 Dagpeningar innanlands

- 5.2.1 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikninga.
- 5.2.2 Dagpeningar á ferðalögum innanlands skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.

5.3 Greiðsluháttur

- 5.3.1 Fyrirfram skal af embætti og lögreglumanni ákveðið hvaða háttur á greiðslu ferðakostnaðar skal viðhafður hverju sinni.

5.4 Vinnusókn og ferðir

- 5.4.1 Lögreglumaður skulu sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum.

Bókun 6 frá 13.07.2001

Vegna niðurfellingar flutningslínu við Elliðaár skulu þeir lögreglumenn sem þegar njóta greiðslna vegna þeirra halda þeim á meðan þeir eru í samfelldu starfi á viðkomandi starfsstöð.

- 5.4.2 Þegar lögreglumenn hefja eða hætta vinnu á tímabilinu frá kl. 00:05 til kl. 06:55 virka daga og frá kl. 00:05 til kl. 10:00 á sunnudögum eða á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2 og 2.1.4.3, skal þeim séð fyrir ferðum að og frá vinnustað innan 12 km fjarlægðar, en þó utan 1,5 km.
- 5.4.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 5 km. utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá lögreglumenn sem ekki búa á staðnum.
- 5.4.4 Vegna aksturs til og frá Keflavíkurlugvelli reiknast ferðatími 30 mínútur hvern vinnudag.
- 5.4.5 Lögreglumenn fái fríar ferðir með almenningsvögnum til og frá vinnustað þar sem um ferðir slíkra vagna er að ræða enda framvísi þeir skírteinum sem látin verða í té.

5.5 Fargjöld erlendis

5.5.1 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt farseðlar.

5.6 Dagpeningar á ferðum erlendis

5.6.1 Annar ferðakostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.

5.6.2 Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

5.7 Dagpeningar vegna námskeiða o.fl.

5.7.1 Dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.

5.8 Ferðakostnaðarnefnd

5.8.1 Upphæð dagpeninga skv. samningi þessum skal endurskoða þegar þörf er á og samningsaðili óskar þess þó ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Endurskoðunin skal unnin af nefnd er sé skipuð einum fulltrúa BSRB, einum fulltrúa BHM og tveimur fulltrúum tilnefndum af fjármálaráðherra.

5.8.2 Nefnd þessi skal einnig endurskoða flokkun landa eftir dvalarkostnaði, svo og greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar starfsmanns, sé notkun hennar nauðsynleg vegna starfsins.

5.8.3 Náist ekki samkomulag í nefndinni, skal oddamaður tilnefndur af Hagstofu Íslands.

5.9 Heimflutningur fjarri vinnustað

5.9.1 Þegar lögreglumaður vinnur fjarri reglulegum vinnustað eða heimastöð þess vinnuflokks er hann tilheyrir, skal hann eiga rétt á ókeypis flutningi í vinnutíma til og frá heimili sínu eins og hér segir:

1. Vikulega ef vegalengd frá dvalarstað vinnuflokks til heimastöðvar flokksins eftir aðalleið er innan við 150 km.
2. Hálfsmánaðarlega ef sú vegalengd er 151 km eða meira.

Lögreglumanni skal tryggt eigi skemmra frí en 48 klst. milli ferða skv. 2. lið.

5.9.2 Þrátt fyrir ákvæði gr. 5.9.1 eiga vinnuflokkar rétt á ókeypis flutningi daglega í vinnutíma frá dvalarstað til heimastöðvar ef vegalengd frá heimastöð er innan við 60 km og færð eða veður hamlar ekki heimflutningum.

5.9.3 Ef um 1 eða 2 menn er að ræða, skulu þeim á sama hátt tryggðar ferðir að og frá vinnustað með ökutæki stofnunar eða á eigin bifreið gegn kílómetragjaldi.

5.9.4 Starfsmenn vinnuflokks mega semja sín á milli um að fækka heimferðum frá því sem getið er hér að framan ef þeir hafa komið sér saman um að draga saman frí.

5.9.5 Framangreind ákvæði um ókeypis heimflutning eiga ekki við ef fjarlægð frá dvalarstað vinnuflokks til heimilis lögreglumanns er meiri en 1,5 sinnum vegalengd frá dvalarstað vinnuflokks að heimastöð hans. Ef vegalengd er 200 km eða meira frá dvalarstað vinnuflokks til heimastöðvar flokks, skal ferðast flugleiðis, ef þess er kostur og óskað er enda sé áætlunarflugleið þar á milli.

5.9.6 Um heimflutning sem ekki fellur undir ákvæðin hér að framan, skal semja hverju sinni.

5.10 Gistiaðstaða

5.10.1 Sé lögreglumanni sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnaði, sem er í eigu eða umráðum ríkisins, skal það gistirými vera hlýtt og hreinlegt og viðleguútbúnaður sambærilegur við það sem gerist í gistihúsum eftir því sem við verður komið.

5.10.2 Aðgangur skal vera að viðunandi snyrtiaðstöðu með heitu og köldu vatni í steypibaði og handlaugum og rennandi vatni í salernum.

5.10.3 Hjá vinnuflokkum þar sem mötuneyti er starfandi, skal vera aðstaða til kælingar á matvælum. Þar skal einnig vera aðstaða til þvotta á fatnaði.

5.10.4 Ef gistirými er skáli í óbyggðum, skal gistiaðstaða ekki vera lakari en tíðkast í sæluhúsum Ferðafélags Íslands. Lögreglumönnum skal þar lagður til allur viðlegubúnaður.

5.10.5 Hjá vinnuflokkum þar sem mötuneyti er starfandi utan heimastöðvar, skal ríkið leggja flokknum til útvarpstæki.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Réttur lögreglumanna

6.1.1 Starfsmenn ríkisins skulu njóta réttinda skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum enda falli starf þeirra ekki undir önnur lög.

6.2 Um vinnustaði

6.2.1 Vinnustaður skal þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. VI. kafla laga nr. 46/1980.

6.3 Lyf og sjúkragögn

6.3.1 Algengustu lyf og sjúkragögn skulu vera fyrir hendi á vinnustað til nota við fyrstu aðgerð í slysatilfellum. Lyf og sjúkragögn skulu vera í vörslu og á ábyrgð varðstjóra og trúnaðarmanna.

6.4 Öryggiseftirlit

6.4.1 Á vinnustöðum skal vera fyrir hendi til afnota tæki og öryggisbúnaður sem Vinnueftirlit ríkisins telur nauðsynlegan.

6.4.2 Skipa skal öryggisverði, öryggistrúnaðarmenn og öryggisnefndir í samræmi við II. kafla laga nr. 46/1980.

6.5 Slyshætta

6.5.1 Varast skal eftir föngum að lögreglumaður sé einn við störf þar sem slyshætta er mikil. Um þetta atriði skal semja milli samningsaðila, þar sem það á við.

6.6 Læknisskoðun

6.6.1 Á vinnustöðum þar sem sérstök hætta er á heilsutjóni lögreglumanna, getur LL óskað sérstakrar læknisskoðunar á þeim. Telji sérmenntaður embættislæknir Vinnueftirlits ríkisins slíka skoðun nauðsynlega, skal hún framkvæmd svo fljótt sem unnt er.

6.7 Aðgangur að sundstöðum

6.7.1 Lögreglumenn fá endurgjaldslaust aðgang að opinberum sundstöðum hver í sínu umdæmi og heimabyggð enda framvísi þeir skírteinum sem látin verða í té.

7 Tryggingar

7.1 Slysaftryggingar

7.1.1 Lögreglumenn skulu slysaftryggðir fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku, sem hér segir:

7.1.2 Dánarslysabætur verða:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri, 67 ára og eldra, kr. 1.493.800
Rétthafar dánarbóta eru lögerfingjar.
2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn/börn undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri, kr. 4.733.300.
Rétthafar dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.
3. Ef hinn látni var í hjúskap, skulu bætur til maka vera kr. 6.464.100.
Hafi lögreglumaður ekki verið í hjúskap en verið í óvígðri sambúð sem að öðru leyti megi jafna til hjúskapar, skal sambúðaraðili eiga rétt til bóta, eins og um hjúskap væri að ræða enda hafi sambúðaraðili sannanlega haldið heimili með hinum látna um árabíl þó eigi skemur en 2 ár fyrir andlát hans.
Rétthafar dánarbóta eru eftirlifandi maki eða sambúðaraðili.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjörbarn, fósturbarn) innan 18 ára aldurs, fyrir hvert barn kr. 1.242.900.
Sama rétt til bóta hefur barn (kjörbarn, fósturbarn) hins látna á aldrinum 18-25 ára er stundar nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi a.m.k. 6 mánuði ársins er hinn tryggði andanst.
Rétthafar dánarbóta eru viðkomandi börn en greiðist til eftirlifandi maka ef hann er annað foreldri ella til skiptaráðanda og/eða fjárhaldsmanns.
5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 og 3. Til viðbótar við 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

7.1.3 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina kr. 11.309.000, þó þannig að hvert læknisfræðilegt örorkustig 26-50% vegur tvöfalt og hvert læknisfræðilegt örorkustig 51-100% vegur þrefalt.

7.1.4 Tryggingarfjárhæðir verði endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí, og taki þá sömu breytingum og verða á vísitölu neysluverðs í janúar eða júlí. Grunnvísitala, miðað við framangreindar tölur, er 249,7 stig (maí 1988=100) sem er vísitala janúarmánaðar 2006 og gilda þessar fjárhæðir um slys á fyrra misseri ársins 2006.

7.1.5 Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur lögreglumaður hefur störf, en fellur úr gildi um leið og hann lætur af störfum.

Tryggingin gildir einnig í launalausum leyfi nema lögreglumaður taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum aðila en ríkinu.

- 7.1.6 Skilmálar eru, eftir því sem við á og með þeim frávikum sem í samkomulagi þessu greinir, almennir skilmálar fyrir atvinnuslysaftryggingu launþega hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingarfélaganna sem í gildi voru frá 1. janúar 1997 og fylgja samkomulagi þessu.
- 7.1.7 Tryggingin gildir allan sólarhringinn. Takmarkanir á bótaskyldu sem um getur í tryggingarskilmálum, falla niður þegar lögreglumaður er við störf sín eða á ferðalagi þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi lögreglumannsins.
- 7.1.8 Lögreglumaður missir ekki rétt sinn til bóta skv. þessari tryggingu, þótt hann sé tryggður annars staðar. Undanskildar eru þó ferðaslysaftryggingar er fjármálaráðuneytið kaupir vegna starfsmanna ríkisins.
- 7.1.9 Verði ríkissjóður skaðabótaskyldur gagnvart lögreglumanni sem slysaftryggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur sem greiddar kunna að verða til lögreglumanns skv. ákvæðum samnings þessa, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum er ríkissjóði kann að verða gert að greiða.
- 7.1.10 Lögreglumenn skulu slysaftryggðir skv. almennum slysaftryggingaskilmálum svo sem tilgreint er í gr. 7.1.6 með eftirfarandi viðbótarréttindum.
1. 9. grein, -aðrar takmarkanir á bótaskyldu-, liðir 9.1. og 9.6, eru ekki undanþegnar bótaskyldu þegar lögreglumaður gegnir störfum.
 2. 5. grein, -íþróttir, flugferðir o.fl.-, verði ekki undanþegin bótaskyldu vegna íþróttæfinga á vegum lögreglumanna, svo og vegna íþróttakappleikja á vegum samtaka lögreglumanna.

Ábyrgð þessi er í gildi meðan lögreglumaður er á launaskrá ríkisins og skal ríkissjóði frjálst að kaupa slíka tryggingu eða hafa ábyrgð í eigin hættu.

Úr bókun 4 frá 13.07.2001:

Samkomulag er um það milli aðila að breyta núverandi fyrirkomulagi á slysaftryggingum lögreglumanna. Í dag er það með þeim hætti að til viðbótar slysaftryggingu samkvæmt grein 7.1 er keypt hjá tryggingafélagi viðbótartrygging með tvöföldum bótafjárhæðum og er hún kostuð sameiginlega af Landssambandi lögreglumanna og ríkissjóði.

Í stað þessa tvöfalda fyrirkomulags verði viðbótartryggingin og slysaftrygging samkvæmt grein 7.1 sameinaðar þannig að lögreglumönnum verði tryggðar samsvarandi bætur. Verði það gert þannig að ríkissjóður kaupir þær af tryggingafélagi að loknu útboði og kosti ríkissjóður það að fullu.

Sjá einnig 8. lið samkomulags um vopnaburð lögreglumanna á bls. 50.

7.2 Farangurstrygging

- 7.2.1 Um farangurstryggingar lögreglumanna gilda reglur um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins nr. 281/1988.

7.3 Persónulegir munir

- 7.3.1 Verði lögreglumaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Náist ekki samkomulag, skal farið skv. mati eins fulltrúa frá hvorum aðila.

Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki skal bæta tjón ef það verður sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis lögreglumanns.

- 7.3.2 Verði lögreglumenn fyrir tjóni á persónulegum munum eða eignum vegna starfsins, skal þeim bættur skaðinn.

7.4 Slyss á vinnustað

- 7.4.1 Ríkið bæti lögreglumanni þau útgjöld sem hann kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

Sjá skýringar á bls. 32.

7.5 Skaðabótaskylda ríkissjóðs

- 7.5.1 Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

- 7.5.2 Lögreglumenn skulu teljast að störfum, auk venjulegrar vinnuskyldu, þegar þeir eru á leið í eða úr vinnu, sitja lögregluskóla og lögreglunámskeið eða stunda lögregluæfingar, íþróttir og kappleiki á vegum félaga lögreglumanna. Hið sama gildir ef þeir ráðast í lögregluaðgerðir að eigin frumkvæði sem lögreglumenn.

- 7.5.3 Ákvæði þetta tekur einnig til héraðslögreglumanna, aukalögreglumanna og þeirra er gegna lögreglustörfum um stundarsakir skv. borgaralegri skyldu.

- 7.5.4 Nú sannast að lögreglumaður eða fjölskylda hans verður fyrir meiðslum, líkamstjóni eða tjóni á persónulegum eignum, þ.m.t. bifreiðum, vegna árásar, skemmdarverka eða stöðu lögreglumannsins og skal þá tjónið bætt.

- 7.5.5 Fáí lögreglumaður tjón sitt ekki bætt úr hendi tjónvalds, skal hann snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra með uppgjör eða senda dómsmálaráðuneytinu málið til meðferðar. Ef krafa er gerð um miskabætur, skal málið ávallt sent til ráðuneytisins. Ríkissjóður greiðir bætur ef ekki er vitað hver tjónvaldur er.

8 Verkfæri og vinnuföt

8.1 Verkfæri

- 8.1.1 Lögreglumenn eru eigi skyldugir að leggja sér til verkfæri nema svo sé sérstaklega umsamið.

8.2 Einkennis- og hlífðarföt

- 8.2.1 Þar sem krafist er einkennisfatnaðar eða sérstök hlífðarföt eru nauðsynleg, t.d. vinnusloppar, skal lögreglumönnum séð fyrir slíkum fatnaði þeim að kostnaðarlausu. Sama gildir um hlífðarföt vegna óþrifalegra starfa og starfa sem hafa óvenjulegt fataslit í för með sér.
- 8.2.2 Lögreglumönnum skal lagður til þeim að kostnaðarlausu sá hlífðarútbúnaður sem krafist er skv. öryggisreglum enda er lögreglumönnum skylt að nota hann.
- 8.2.3 Hreinsun á fatnaði skv. gr. 8.2.1 og 8.2.2 skal látin í té lögreglumanni að kostnaðarlausu tvisvar á ári. Meiri háttar viðgerðir og tjón á slíkum fatnaði skal bætt af ríkisins hálfu. Lögreglumenn skulu fara vel og samviskusamlega með vinnufatnað og hlífðarföt.
- 8.2.4 Ef lögreglumaður lætur af starfi, skal hann skila seinasta einkennisfatnaði er hann fékk.
- 8.2.5 Samið skal nánar við LL um þessi atriði.

9 Afleysingar

9.1 Staðgenglar

- 9.1.1 Aðilar eru um það sammála að ekki þurfi að jafnaði að fela lögreglumanni sérstaklega að gegna starfi yfirmanns nema fjarvera yfirmanns vari lengur en 7 vinnudaga samfelld.

9.2 Launað staðgengilsstarf

- 9.2.1 Sé aðalstarf lögreglumannsins launað sem staðgengilsstarf yfirmanns, ber lögreglumanninum laun eftir flokki hans, gegni hann starfi yfirmanns lengur en 4 vikur samfelld eða hafi hann gegnt starfi yfirmanns lengur en 6 vikur á hverjum 12 mánuðum. Laun eftir flokki yfirmanns greiðast einungis frá lokum nefndra fjögurra eða sex vikna.

9.3 Aðrir staðgenglar

- 9.3.1 Lögreglumaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs lögreglumanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma er hann gegnir starfi hans.

9.4 Annað fyrirkomulag

- 9.4.1 Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag fyrir afleysingar en að framan greinir.

10.1 Lögregluskóli ríkisins

10.1.1 Lögreglunemar sem stunda nám á síðustu önn í Lögregluskóla ríkisins, skulu fá greidd mánaðarlaun skv. grein 1.1.1 auk meðaltals þess vaktaálags sem nemendahópurinn hefur fengið greitt í starfsþjálfun á annarri önn.

10.1.2 Lögreglumaður sem stundar framhaldsnám í Lögregluskóla ríkisins eða sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra, skal halda mánaðarlaunum skv. grein 1.1.1 og vaktaálagi.

10.1.3 Lögreglumaður sem með samþykki lögreglustjóra stundar viðurkennt sérnám varðandi starf sitt eða sækir framhalds- eða endurmenntunarnámskeið sem nýtur viðurkenningar löggæslufirvalda, haldi mánaðarlaunum skv. grein 1.1.1 og vaktaálagi meðan slíkt nám varir, allt að þremur mánuðum á hverjum 5 starfsárum. Launahlutfall í námsleyfi sé sem næst meðaltali launa þann tíma sem rétturinn vannst á.

Heimilt er að veita lögreglumanni, sem ákvæði þetta tekur til, námsleyfi með þessum kjörum tíðar en að framan greinir en þá skemur hverju sinni, þó ekki umfram 1 mánuð á hverjum 20 starfsmánuðum. Eins er heimilt að veita lengra leyfi sjaldnar eða allt að 6 mánuðum á hverjum 10 starfsárum og allt að 9 mánuðum á hverjum 15 starfsárum. Þó er heimilt að veita starfsmanni 9 mánaða leyfi eftir 12 ára starf. Næstu 3 ár eftir að námsleyfi lýkur í því tilviki, ávinnur hann sér ekki rétt til námsleyfis.

Bókun 2 frá 18. júlí 1986:

Lögreglumenn sem lokið hafa grunnnámi frá Lögregluskóla ríkisins skulu ganga fyrir í föst lögreglustörf. Eigi skulu frávik frá þessari reglu til lykta leidd nema með samþykki stjórnar LL.

10.2 Launalaust leyfi

10.2.1 Lögreglumaður skal eiga rétt á launalausum leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann embættis.

10.2.2 Samkomulag er um að árlega geti allt að 10 lögreglumenn í föstu starfi fengið launalaust leyfi allt að einu ári.

Sjá samkomulag LL og dómsmálaráðherra um launalaus leyfi á bls. 51.

10.3 Starfsmenntunarsjóður

10.3.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Starfsmenntunarsjóð Landssambands lögreglumanna. Gjald þetta skal nema 0,22% af heildarlaunum félagsmanna.

Sjá reglur um starfsmenntunarsjóð LL á bls. 54.

10.4 Fræðslu- og starfsþróunarsjóður

10.4.1 Vinnuveitandi greiðir sérstakt gjald í Fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildarlaunum félaga í LL.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum, þ.e. frá dómsmálaráðuneyti, Sýslumannafélagi Íslands og Landssambandi lögreglumanna.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun lögreglumanna m.a. með því að veita styrki til lögreglumanna á landsbyggðinni sem stunda framhaldsnám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu- og þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra og þurfa að búa fjarri heimilum sínum.

Reykjavík og svæði til og með Borgarnesi og Selfossi teljast ekki til landsbyggðar í þessu tilliti.

Stjórn sjóðsins skal setja sér reglur og skulu þær samþykktar af samningsaðilum.

Sjá reglur um Fræðslu- og starfsþróunarsjóð LL á bls. 56.

11.1 Skilgreining stofnanasamnings

11.1.1 Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og lögreglumanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og lögreglumanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

11.2 Markmið stofnanasamnings

11.2.1 Markmið stofnanasamnings er að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf lögreglumanna og stjórnenda á vinnustað. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa lögreglumönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana.

11.3 Gerð og framkvæmd stofnanasamnings

11.3.1 Í stofnanasamningi skal semja um röðun starfa sbr. gr. 1.2.1 og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing), sbr. íslenska starfaflokkun ÍSTARF 95, sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

11.3.2 Í stofnanasamningi skal einnig semja um hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum sbr. gr. 1.2.2.

Persónubundnir þættir sem gera menn hæfari í starfi eru t.d.:

Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.

Tímabundnir þættir sem koma til greina eru t.d.:

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.

Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði lögreglumanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefnda

11.4.1 Skipan samstarfsnefnda

11.4.1.1 Hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnunum.

Heimilt er að skipa eina sameiginlega samstarfsnefnd fyrir fleiri stofnanir eða með öðrum stéttarfélögum innan einnar eða fleiri stofnana.

LL skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnun/stofnanir tilnefni allt að 3 fulltrúa og jafnmarga til vara.

11.4.2 Hlutverk samstarfsnefnda

11.4.2.1 Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11.4.2.2 Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

11.4.3 Starfshættir samstarfsnefnda

11.4.3.1 Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

11.4.3.2 Vegna ágreiningsmála

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

12.1 Tilkyningar, vottorð og útlagður kostnaður

- 12.1.1 Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumanni /yfirmanni stofnunar þykir þörf á.
- 12.1.2 Ef starfsmaður kemur ekki til starfa vegna veikinda eða slyss í meira en 5 vinnudaga samfleytt, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði. Ef um er að ræða endurtekna fjarvistir starfsmanns, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði eftir nánari ákvörðun forstöðumanns- /yfirmanns.
- 12.1.3 Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slyss um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt eftir nánari ákvörðun forstöðumanns- /yfirmanns en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega. Frá þessu má þó veita undanþágu eftir tillögu trúnaðarlækni ef hann telur auðsætt að um lengri veikindafjarvist verði að ræða.
- 12.1.4 Skytt er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greidd af vinnuveitanda.
- 12.1.5 Endurgreiða skal starfsmanni gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 12.1.1-12.1.4. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.
- 12.1.6 Vinnuveitandi greiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.
- Sjá bls. 32.*

12.2 Réttur til launa vegna veikinda og slysa

- 12.2.1 Starfsmaður sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í a.m.k. 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

<u>Starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
0- 3 mánuði í starfi	14 dagar
Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
Eftir 7 ár í starfi	175 dagar

27. gr. I. nr. 117/1993, um almannatryggingar:

Nú veldur bótaskyld slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:

- a. Læknishjálp samkvæmt samningum sjúkratrygginga.
- b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færist þó yfir á sjúkratryggingarnar þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.
- c. Lyf og umbúðir.
- d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.
- e. Gervilimi eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.
- f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.
- g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.

2. Að hluta skal greiða:

- a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða.
- b. Að 3/4 kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl, skal greiða ferð með áætlunarflugvél að 3/4.

3. Heimilt er að greiða:

- a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.
- b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.
- c. Ferðakostnað að 3/4 hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

[Að svo miklu leyti sem samningar skv. 39. gr. ná ekki til sjúkrahjálpar samkvæmt framansögðu getur ráðherra ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti með reglugerð. ²⁾ ¹⁾

Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

¹⁾ L 154/1002, 2. gr. ²⁾ Rg. 541/2002, sbr. 46/2004.

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

Starfstími	Fjöldi daga
Eftir 12 ár í starfi	273 dagar
Eftir 18 ár í starfi	360 dagar

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.2 Starfsmaður sem ráðinn er í tímavinnu, sbr. þó gr. 12.2.3, eða er ráðinn skemur en 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

Starfstími	Fjöldi daga
Á 1. mánuði í starfi	2 dagar
Á 2. mánuði í starfi	4 dagar
Á 3. mánuði í starfi	6 dagar
Eftir 3 mánuði í starfi	14 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	30 dagar

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til dagvinnulauna í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.3 Réttur eftirlaunaþega í tímavinnu, eða annars konar vinnu, til launa vegna óvinnufærni af völdum veikinda eða slysa skal vera 1 mánuður á hverjum 12 mánuðum. Laun í veikindum skal miða við meðaltal dagvinnulauna síðustu 3 mánuði fyrir veikindi.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.4 Starfsmaður sem skilar vinnuskyldu sinni óreglubundið eða með öðrum hætti en dagvinnumaður í reglubundinni vinnu, skal teljast hafa verið fjarverandi í eina viku þegar hann hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa sem nemur vikulegri vinnuskyldu hans og hlutfallslega þegar um styttri eða lengri fjarvist vegna óvinnufærni er að ræða.

- 12.2.5 Við mat á ávinnsurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé, enda er átt við starfstíma á kjörum skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

- 12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Í veikindum kennara skal greiða samkvæmt þeirri stundaskrá sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans.

- 12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.
- Starfsmaður skóla og annarra stofnana þar sem venjuleg starfsemi liggur niðri hluta ársins, skal í stað reglu þessarar aðeins fá greidda aðra yfirvinnu en greinir í gr. 12.2.6 þá mánuði sem venjuleg starfsemi fer fram og skal yfirvinnustundafjöldinn ákveðinn með því að finna mánaðarlegt meðaltal þeirra tilfallandi yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 9 heilu starfsmánuði stofnunarinnar eða samsvarandi tímalengd ef starfsmánuðir eru færri eða fleiri.
- 12.2.8 Ef starfsmaður er fjarverandi vegna orlofs á viðmiðunartímabili skv. gr. 12.2.7, skal telja að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinn hluta tímabilsins.
- 12.2.9 Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á eðlilegri leið til eða frá vinnu, greiðast laun skv. gr. 12.2.7 frá upphafi fjarvistanna.
- 12.2.10 Ef starfsmaður að læknisráði og með leyfi forstöðumanns vinnur skert starf vegna slyss eða veikinda, skal miða greiðslu veikindalauna fyrir dagvinnu við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.

12.3 Starfshæfnisvottorð

- 12.3.1 Starfsmaður sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.

12.4 Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa

- 12.4.1 Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slysa svo mánuðum skiptir á hverju ári um fimm ára tímabil og ekki er skýlaust vottað samkvæmt ákvæðum gr. 12.3.1 að hann hafi fengið heilsubót sem ætla megi varanlega, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 12.4.2 Þegar starfsmaður hefur verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skv. gr. 12.2.1, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 12.4.3 Ekki skulu framangreind ákvæði um veikinda- og slysaforföll vera því til fyrirstöðu að starfsmaður láti af störfum er hann óskar þess ef hann er samkvæmt læknisvottorði orðinn varanlega ófær um að gegna starfi vegna vanheilsu. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.

12.5 Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns

- 12.5.1 Þegar starfsmaður er leystur frá störfum skv. gr. 12.4.1-12.4.3, skal hann halda föstum launum skv. gr. 12.2.6 í 3 mánuði.
- 12.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993.

12.5.3 Þegar starfsmanni er veitt lausn skv. gr. 12.4.1-12.4.3 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 12.5.1 -12.5.2 koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 12.2.1-12.2.10 var tæmdur.

12.6 Skráning veikindadaga

12.6.1 Halda skal skrá yfir veikindadaga starfsmanns við hverja stofnun. Ef starfsmaður flyst milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum eftir því sem við á.

12.7 Veikindi og slysaforföll í fæðingarorlofi

12.7.1 Veikindatími starfsmanns í fæðingarorlofi telst ekki til veikindaforfalla og á starfsmaður ekki rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum þann tíma.

12.8 Veikindi barna yngri en 13 ára

12.8.1 Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 10 vinnudaga (80 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

12.9 Samráðsnefnd

12.9.1 Setja skal á fót samráðsnefnd. Skal hún skipuð fulltrúum samningsaðila samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000, þremur tilnefndum af hvorum aðila samkomulagsins. Samráðsnefndin skal fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða um veikindarétt skv. samkomulagi þessu.

12.10 Ákvæði til bráðabirgða

12.10.1 Starfsmaður sem hefur fyrir 1. janúar 2001, áunnið sér fleiri veikindadaga skv. áðurgildandi reglum, skal halda þeim á meðan á samfelldri ráðningu stendur en um frekari ávinnslu fer skv. kafla þessum.

12.11 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

12.11.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna um veikindarétt, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000.

13 Tilhögun fæðingarorlofs

13.1 Gildissvið

- 13.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

- 13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, þó með þeirri viðbót sem talin er upp hér á eftir.
- 13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.
- 13.2.3 Starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar. Starfsmaður er áfram í þeim lífeyrissjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda en launagreiðandi ber ábyrgð á réttindaávinnslu starfsmanns í b-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- 13.2.4 Starfsmaður sem nýtur fyrirframgreiðslu launa, skal eiga rétt til fyrirframgreiðslu frá launagreiðanda þann mánuð sem hann hefur töku fæðingarorlofs og fellur sá réttur niður þann mánuð sem hann kemur til baka úr fæðingarorlofi.

13.3 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

- 13.3.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna um barnsburðarleyfi, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000.

14 Fjölskyldu- og styrktarsjóður

14.1 Hlutverk fjölskyldu- og styrktarsjóðs

14.1.1 Stofnaður skal fjölskyldu- og styrktarsjóður. Hlutverk hans er:

1. að taka við iðgjöldum launagreiðanda og ávaxta þau,
2. að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi,
3. að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

14.1.2 Vegna þess mismunar sem er á greiðslum sem tóku mið af reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, annars vegar og skv. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, hins vegar, fer hluti af iðgjaldi launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð til að greiða þann mismun. Fyrri réttindi sem tóku mið af reglugerð nr. 410/1989, teljast að fullu bætt með greiðslum launagreiðanda í sjóðinn.

14.2 Aðild að fjölskyldu- og styrktarsjóði

14.2.1 Sjóðurinn skal vera sameiginlegur fyrir félagsmenn aðildarféлага samtakanna sem eru aðilar að samkomulagi þessu.

14.2.2 Þeir atvinnurekendur og stéttarfélag sem vilja síðar gerast aðilar að sjóði þessum gera það með skriflegri beiðni til sjóðsstjórnar um að þeir óski að gerast aðilar að þessum sjóði og að þeir gangist undir ákvæði samnings þessa. Slík beiðni öðlast gildi þegar sjóðsstjórn hefur fallist á erindið.

14.3 Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs

14.3.1 Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af þeim heildarsamtökum sem standa að stofnun sjóðsins.

14.3.2 Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og sendir launagreiðendum sem greiða til sjóðsins.

14.4 Iðgjaldagreiðslur launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð

14.4.1 Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,55% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.

14.5 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

14.5.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launaneftdar sveitarfélaga hins vegar 24.10.2000 um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum.

15 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

15.1 Framlag í séreignarsjóð

- 15.1.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi 2% framlag á móti 2% framlagi (iðgjaldi) starfsmanns.

16 Launaseðill, félagsgjöld, iðgjaldagreiðslur

16.1 Launaseðill

- 16.1.1 Við greiðslu launa til lögreglumanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun lögreglumanns það tímabil, sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddrar launafjárhæðar.

Sbr. einnig ákvæði um birtingu frítökréttar á launaseðli í gr. 2.4.5.6.

16.2 Félagsgjöld

- 16.2.1 Nú óskar LL eftir því að ríkissjóður sjái um innheimtu félagsgjalda og skal það þá afhenda honum véltæk gögn yfir þá félagsmenn sem gjaldskyldir eru, með þeim upplýsingum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins óskar.

Félagsgjöld skv. þessari grein skulu tekin af kaupi lögreglumanna 1. hvers mánaðar og skilað fyrir 15. sama mánaðar.

Fjársýslu ríkisins eða viðkomandi launagreiðanda er rétt að krefjast staðfestingar LL á félagaskránni, svo og að fella niður af henni lögreglumenn, ef vafi þykir leika á hvort um aðild að félaginu sé að ræða.

16.3 Orlofssjóðsgjald

- 16.3.1 Um greiðslu gjalds í orlofssjóð, sjá gr. 4.9.

16.4 Starfsmenntunarsjóðsgjald

- 16.4.1 Um greiðslu gjalds í starfsmenntunarsjóð, sjá gr. 10.3.

17 Símakostnaður

17.1 Símakostnaður

17.1.1 Fastaafnotagjald síma skulu lögreglumenn fá greitt sem hér segir:

Rannsóknarlögreglumenn	1/1
Flokkstjórar og hærri	1/1
Aðrir lögreglumenn	1/2

17.1.2 Heimilt er að víkja frá þessum reglum til hækkunar, sé í ljós leitt að notkun síma í þágu embættis sé meiri en nemur ofangreindu gjaldi. Þar sem starfa 3 eða færri lögreglumenn, fá þeir greitt fullt afnotagjald síma. Þeir sem nú fá greitt fullt afnotagjald, skulu halda því á meðan þeir gegna starfi á sama stað.

17.1.3 Verði um breytingar að ræða á skipulagi gjaldskrár [Símans hf.] frá 1. október 1995, skulu lögreglumenn fá greiddan símakostnað í réttu hlutfalli, sbr. gr. 17.1.1.

18 Gildistími og samningsforsendur

18.1 Gildistími

18.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá 1. maí 2005 til 31. október 2008 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

18.2 Samningsforsendur

18.2.1 Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið samningsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 30. apríl 2005

F.h. fjármálaráðherra
með fyrirvara um samþykki

Gunnar Björnsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Hrönn Pálsdóttir (sign.)

F.h. Landssambands lögglumanna
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Óskar Bjartmarz (sign.)
Hermann Karlsson (sign.)
Berglind Eyjólfsdóttir (sign.)
Sveinn Magnússon (sign.)
Svanur Kristinsson (sign.)
Óskar Sigurpálsson (sign.)
Páll Winkel (sign.)
Guðjón Garðarsson (sign.)

B Ó K A N I R
með kjarasamningum
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna

þ.e. bókanir sem ekki eru skráðar í framhaldi af tilheyrandi samningstexta

Bókanir með samkomulagi undirrituðu 30. apríl 2005

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaganna um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf við innleiðingu nýrra upplýsingakerfa ríkisins. Vinnu við grunnskilgreiningar fyrir slíkar upplýsingar og framsetningu þeirra skal lokið innan ársins eða í tæka tíð fyrir upptöku nýs launakerfis, þ.e. að Fjársýslu ríkisins veitist ráðrúm til að formgera slíkar upplýsingar í kerfum ríkisins fyrir 1. maí 2006.

Bókun 2

Með kjarasamningi þessum eru gerðar veigamiklar breytingar á vinnutímakaflanum þar sem auknir eru möguleikar á sveigjanleika við tilhögun og útfærslu vinnufyrirkomulags lögreglumanna.

Sveigjanleg vaktakerfi þar sem lögreglumönnum gefst kostur á að setja fram óskir sínar um tilteknar vaktir eru að ryðja sér til rúms. Þessar breytingar eru í takt við breyttar áherslur samfélagsins á samþættingu vinnu og einkalífs. Slík kerfi ættu jafnframt að þjóna hagsmunum beggja aðila.

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að sátt ríki um vinnufyrirkomulag á hverri starfsstöð enda sé leitað jafnvægis milli þarfa starfseminnar og óska lögreglumanna.

Við breytingar á vaktakerfum, t.d. við upptöku valfrjálsra kerfa eða álíka grundvallar-breytinga, eru aðilar sammála um að eðlilegt sé að fyrir hendi sé farvegur til að sjónarmið beggja komi fram. Aðilar telja rétt að til undirbúnings slíkra breytinga skuli Landssamband lögreglumanna og sýslumenn skipa af sinni hálfu fulltrúa í samráðshóp, sýslumönnum og lögreglumönnum til halds og trausts við hnökralausa upptöku slíkra kerfa. Samstarf þessa samráðshóps skal framkvæmt undir friðarskyldu.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að útfæra reglur um þrekmælingar lögreglumanna og stefna að því að það verði gert á samningstímanum. Jafnframt verði farið yfir í samráði við lögreglustjóra með hvaða hætti staðið er að líkamspjálfun lögreglumanna í dag og eftir atvikum setja fram tillögur um fyrirkomulag hennar og umbúnað.

Bókun 4

Aðilar munu beita sér fyrir því að farið verði yfir það hvernig ákvæði kjarasamnings falla að aðstæðum á Keflavíkurflugvelli.

Bókun 6 frá 24.01.1985

Leitað verði leiða til að greiða eldri lögreglumönnum aðgang að öðrum störfum.

FYLGISKJAL 1
með samkomulagi
fjármálaráðherra
og
Landssambands lögreglumanna
undirrituðu 30. apríl 2005

Með upptöku nýs 1. kafla sbr. 5. gr. þessa samkomulags, þ. á m. upptöku nýrrar launatöflu, eru aðilar sammála um að heildarkostnaður vegna gildistöku hennar í maí 2006 verði 3,7%, annars vegar vegna yfirfærslukostnaðar og hins vegar vegna aðlögunar stofnanasamninga.

Nýr stofnanasamningur skal gilda frá sama tíma og nýr fyrsti kafli er tekinn upp, þ.e. 1. maí 2006.

Aðilar eru sammála um að í maí 2007 skuli stofnanir fá fjárhagslegt ráðrúm til þróunar á nýju launakerfi er nemi 2,2% af launakostnaði tilheyrandi starfsmanna.

Samstarfsnefnd kemur sér saman um þessa útfærslu stofnanasamninga og þróun.

Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu vegna yfirfærslu í nýtt launakerfi.

FYLGISKJAL 2
með samkomulagi
fjármálaráðherra
og
Landssambands lögreglumanna
undirrituðu 30. apríl 2005

Yfirfærsla í nýtt launakerfi verði með eftirfarandi hætti:

1. Aðilar eru sammála um að nýtt launakerfi kalli á viðamikla fræðslu, sérstaklega m.t.t. krafna um starfslýsingar byggðar á starfaflokkun sem lagðar eru til grundvallar launasetningu. Markhópar slíkrar fræðslu verða fulltrúar í samstarfsnefndum bæði frá stofnun og stéttarfélagi/starfsmönnum.
Stefnt skal að því að sameiginlegri fræðslu samningsaðila, vegna innleiðingar nýja launakerfisins verði lokið fyrir 1. nóvember 2005.
2. Samstarfsnefndir skulu hefja störf við gerð stofnanasamnings fyrir breytingar í maí 2006 í kjölfar fræðslunnar. Þær skulu við upphaf starfs síns hafa upplýsingar um launasetningu starfsmanna á viðkomandi stofnun, grunnröðun auk viðbótarþátta.
3. Komið verður á fót ráðgjafateymi í þeim tilgangi að styðja samstarfsnefndir og stofnanir eins og kostur er til að stuðla að öruggri framkvæmd nýs samnings. Slík aðstoð skal veitt í kjölfar fræðsluátaksins til að veita aðilum á hverri stofnun aðgang að þekkingu á bestu aðferðum í mannauðsstjórnun.

F Y L G I S K J A L

með samkomulagi
fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs
og
Landsambands lögreglumanna
dags. 13. júlí 2001

Aðilar eru sammála um að í ljósi þeirrar sérstöðu lögreglumanna að þeir hafa ekki verkfallsrétt þurfi að tryggja möguleika á því að hvor um sig geti fengið mat óháðs aðila á þróun kjara lögreglumanna. Af þessum sökum hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssamband lögreglumanna gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
2. Við upphaf viðræðuáætlunar aðila getur hvor aðili um sig óskað eftir því að fyrir liggi mat óháðs aðila, t.d. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, á því hvort lögreglumenn hafi haldið kjaralegri stöðu sinni til jafns við aðra opinbera starfsmenn sem falla undir lög nr. 94/1986. Skulu aðilar hafa það mat til hliðsjónar í viðræðum sína á milli um endurnýjun og/eða breytingar á kjarasamningi.
3. Takist ekki samningar um endurnýjun og/eða breytingar á kjarasamningi aðila, getur hvor aðili um sig skotið kjaradeilu sinni til sérstaks gerðardóms þegar 45 dagar eru liðnir frá því að samningur losnaði, eða fyrr ef aðilar eru um það sammála.
4. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal Landssamband lögreglumanna skipa einn, fjármálaráðuneytið einn og ríkissátta-semjari einn og skal hann jafnframt vera formaður gerðardómsins. Dóminn má skipa með öðrum hætti náist samkomulag um það milli samningsaðila.
5. Gerðardómurinn setur sér sjálfur starfsreglur, þar á meðal hvaða gögn og í hvaða formi aðilar skulu leggja þau fyrir hann.
6. Við úrlausn kjaradeilu skal gerðardómurinn hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar höfðu sett fram sem og mat hins óháða aðila liggi það fyrir.
7. Gerðardómurinn skal skila úrskurði sínum eigi síðar en 30 dögum eftir að hann hefur verið skipaður nema aðilar verði sammála um önnur tímamörk.
8. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn viðkomandi kjaradeilu og komi í stað kjarasamnings aðila fyrir það tímabil sem í úrskurðinum er tilgreint.
9. Kostnaður við framkvæmd samkomulags þessa greiðist úr ríkissjóði.

Jafnframt fellur brott viðauki 1, þ.e. bókun um samningsréttarmál frá 18. júlí 1986, bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 21. júlí 1986 og samkomulag, undirritað 7. maí 1993.

SKÝRINGARTEXTI
við tvær greinar í kafla 2.3 um yfirvinnu

2.3 Yfirvinna

2.3.3.1 Þegar lögreglumaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því að hann fór til vinnu, en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.

Þessi grein og sú næsta á eftir fjalla almennt um útköll þegar lögreglumaður er ekki á bakvakt. Kveðið er á um lágmarksgreiðslu fyrir útkall.

Dæmi 1: Vaktavinnumaður lýkur vakt kl. 08:00 á virkum degi, fær útkall kl. 12:00-14:00. Lágmarksgreiðslan tryggir þriggja klst. greiðslu.

Dæmi 2: Vaktavinnumaður er kallaður út kl. 17:00-18:00, en skylduvakt hefist kl. 20:00. Greitt er fyrir allan tímann kl. 17:00-20:00 eða 3 klst.

Dæmi 3: Vaktavinnumaður lýkur vakt kl. 20:00. Hann fær síðan útkall kl. 21:00-22:00. Greiða skal tímann frá kl. 20:00-22:00.

2.3.3.2 Ef útkall hefist á tímabilinu kl 00:00-08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 og 1/2 klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða 1/2 klst. til viðbótar við unninn tíma.

Á sumum vinnustöðum er bætt yfirvinnu framan við vaktir að morgni dags. Ef þörf fyrir slíka mætingu er ekki fastmælum bundin heldur er stundum og stundum ekki, telst hún til útkalla. Ef því er hins vegar slegið föstu að mæta skuli t.d. 1 klst. fyrr uns annað verði ákveðið, telst það ekki útkall heldur föst yfirvinna. Þar af leiðir, að slíkt yrði greitt frá 1. degi í veikindum. Ef að því kæmi síðar, að fallið yrði frá svona mætingu, þyrfti að tilkynna það starfsmönnum með 1 mánaðar fyrirvara. Til fastrar yfirvinnu mundi einnig teljast ef starfsmaður ætti að koma 1 klst. fyrr, t.d. alltaf á föstudögum.

Dæmi 1: Vaktavinnumaður lýkur vinnu kl. 20.00, hann fær útkall kl. 01:00-02:30. Lágmarksgreiðslan skv. gr. 2.3.3.2 eða 4 klst. greiðast fyrir útkallið.

Dæmi 2: Útkall vaktavinnumanns hefist kl. 05:00. Skylduvakt hefist kl. 08:00. Staðinn tími er 3 klst. skv. gr. 2.3.3.2. Auk þess skal greiða ½ klst. eða samtals 3 1/2 klst. Athugið að ekki er lengur greitt fyrir 12. mín. og milliferðatíma.

Um útköll, oft stutt, sem liggja það nálægt hvert öðru í tíma að lágmarksgreiðslutíma næsta útkalls á undan er ekki lokið þegar hið næsta hefist, gildir eftirfarandi regla:

Greiða skal samfelldan tíma frá upphafi fyrsta útkalls til loka þess síðasta.

Dæmi: Starfsmaður er kallaður út á laugardegi kl. 10:00, 12:00, 14:30, 17:00 og 20:00. Hvert útkall varir um 1 klst. Greiða skal samfelldan tíma frá kl. 10:00 til kl. 21:00 eða alls 11 klst. Annar starfsmaður sem væri kallaður út kl. 10:00 sama dag og ynni samfelt til kl. 21:00, fengi nákvæmlega sama uppgjörsmáta á fjölda vinnustunda.

Þetta gildir einnig fyrir útköll á reglubundnum bakvöktum.

LEIÐBEININGAR samráðsnefndar um skipulag vinnutíma

1. Almenn um vinnutímamann

Reglur um vinnutíma starfsmanna hjá því opinbera og á hinum almenna markaði hafa tekið töluverðum breytingum á síðustu misserum. Þær helstu felast í strangari lágmarksreglum um hvíldartíma og nýjum hámarksreglum um heildarvinnutíma. Að því er starfsmenn hins opinbera varðar, er þessar reglur að finna í vinnutímasamningi fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga við Alþýðusambands Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands frá 23. janúar 1997. Til viðbótar ákvæðum samningsins hafa aðilar samið nánar um tiltekin atriði hans í kjarasamningum. Þá skal minnt á bókun vegna a. og d. liðar 13. gr. vinnutímasamningsins en skv. henni bar að yfirfara vaktavinnukerfi á hverjum vinnustað fyrir 30. júní 1998 til að ganga úr skugga um að kerfin samræmdust ákvæðum 3. og 5. gr. um daglegan og vikulegan hvíldartíma en breyta þeim ella.

Vinnuveitandi ákveður vinnutíma starfsmanna innan þeirra marka sem lög og samningar setja honum. Hjá hinu opinbera fer viðkomandi stjórnandi jafnan með þetta vald. Svigrúm stjórnenda í þessum efnum takmarkast af kjarasamningum og vinnutímasamningnum. Frá reglum kjarasamninga og vinnutímasamningsins um hvíldartíma má ekki víkja nema í tilteknum undantekningartilvikum. Stjórnanda er þannig óheimilt að ákveða vinnutíma starfsmanna með öðrum hætti en reglurnar leyfa, jafnvel þó að hlutaðeigandi starfsmaður óski þess.

Helstu meginreglur um vinnutímamann eru eftirfarandi:

- Dagleg samfelld lágmarkshvíld er 11 stundir á hverju 24 klst. tímabili
- Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 stundir
- Veittur skal einn hvíldardagur í viku í beinu framhaldi af daglegri lágmarkshvíld, þ.e. 35 klst. samfelld hvíld
- Hámarksvinnutími er 48 virkar vinnustundir á viku að meðaltali
- Veita skal samsvarandi hvíld síðar ef dagleg eða vikuleg lágmarkshvíld hefur verið skert
- Frítökuréttur skapast þegar dagleg lágmarkshvíld er skert

Vinnutímasamningurinn gildir sem lágmarkssamningur og afnemur í engum tilfellum betri rétt og frekari vernd launamanna skv. lögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða ráðningarbrefi, svo sem 15. gr. hans kveður á um.

2. Daglegur lágmarkshvíldartími

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klst., reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Með byrjun vinnudags er átt við venjulegt upphaf vinnu viðkomandi starfsmanns eða starfshóps. Sé reglulegt upphaf vinnudags t.d. kl. 8:00, skal miða við það tímamark. Hafi starfsmaður á hinn bóginn fastan vinnutíma sem hefst t.d. kl. 20:00, skal sólarhringurinn miðaður við það tímamark. Í vaktavinnu er eðlilegt að miða upphaf vinnudags við merktan vinnudag á vaktskrá/varðskrá. Sé ekki um merktan vinnudag að ræða, t.d. aukavakt í vaktafríi, miðast upphafið við síðasta merkta vinnudag.

Þegar um útkall í orlofi er að ræða, skal fyrstu tvo sólarhringana í orlofi miða byrjun vinnudags við venjulegt upphaf vinnu viðkomandi starfsmanns eða við upphaf síðustu vaktarrúllu hans. Að liðnum tveimur sólarhringum í orlofi, skal miða byrjun vinnudags við upphaf vinnu (útkalls).

Verði því við komið, skal tímabilið frá 23:00 til 06:00 vera innan hvíldartímans og dagleg hvíld koma að lokinni vinnu. Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að fyrirsjáanlegt sé að vinnutími starfsmanns fari umfram 13 klst. á hverju 24 klst. tímabili nema um skipuleg vaktaskipti sé að ræða.

Þegar þau tilvik koma upp að starfsmaður lýkur vinnudegi það seint að minna en 11 klst. eru til venjubundins upphafs næsta vinnudags, skal starfsmaður ekki mæta aftur til vinnu fyrr en 11 klst. eru liðnar. Starfsmaður sem nær daglegri lágmarkshvíld með því að mæta seinna til vinnu en venjulegt er, á rétt á óskertum þeim launum sem hann annars hefði fengið. Hafi stjórnandi metið það svo að brýn nauðsyn sé til að starfsmaður mæti til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð, öðlast starfsmaðurinn frítökurétt, sjá nánar í kafla 5.4.

Undir vissum kringumstæðum er heimilt að víkja frá meginreglunni um daglegan lágmarkshvíldartíma. Við skipuleg vaktaskipti er heimilt með kjarasamningi að stytta hvíldartímann í allt að 8 klst. Þá er heimilt við sérstakar aðstæður þegar bjarga þarf verðmætum að stytta hvíldartímann í allt að 8 klst. Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atvika, er heimilt að stytta hvíldartíma að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Starfsmaður skal síðar fá samsvarandi hvíld í staðinn, hafi dagleg 11 klst. lágmarkshvíld hans verið stytt. Samkvæmt kjarasamningi skapast ekki frítökuréttur við skipulögð vaktaskipti.

3. Vikulegur hvíldardagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður fá a.m.k. einn vikulegan hvíldardag sem tengist beint daglegum hvíldartíma. Starfsmaður á þannig að fá 35 klst. samfellda hvíld einu sinni í viku.

Gera þarf greinarmun á frídegi og hvíldardegi. Starfsmenn eiga almennt rétt á tveimur frídögum í viku hverri en aðeins annar þeirra telst hvíldardagur.

Vikulegur hvíldardagur skal, að svo miklu leyti sem því verður við komið, vera á sunnudegi. Jafnframt skal leitast við að veita öllum sem starfa á sama fasta vinnustað, frí á þeim degi.

Heimilt er að víkja frá meginreglunni um vikulegan hvíldardag í tveimur tilvikum. Annars vegar með samkomulagi á vinnustað vegna sérstakra aðstæðna sem gera slík frávík nauðsynleg og hins vegar ef um það hefur verið samið í kjarasamningi vegna sérstakra þarfa á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum hvíldardegi sé frestað. Hafi vikulegum hvíldardegi verið frestað samkvæmt framansögðu, skal ávallt veita hann sem fyrst en þó ekki síðar en innan 14 daga, þ.e. að veittir séu tveir hvíldardagar í seinni vikunni.

4. Hámarksvinnutími

Meðalvinnutími á viku, að yfirvinnu meðtalinni, skal ekki vera umfram 48 virkar vinnustundir. Æskilegt er að vinnutími sé sem jafnastur frá einni viku til annarrar.

Viðmiðunartímabil við útreikning á meðalvinnutíma á viku er 6 mánuðir, janúar til júní og júlí til desember. Heimilt er í undantekningartilfellum að lengja viðmiðunartímabilið í allt að 12 mánuði með kjarasamningum. Tólf mánaða viðmiðunartímabil gildir almennt um kennara.

Hugtakið virkur vinnutími er skilgreint í vinnutímasamningnum. Þar kemur m.a. fram að neysluhlé í vinnutíma teljast ekki til virks vinnutíma. Í flestum tilvikum eru neysluhlé

starfsmanna samtals 35 mínútur á dag miðað við 8 klst. vinnudag eða samtals 2 klst. og 55 mínútur á viku, miðað við 40 stunda vinnuviku. Af því leiðir að virkur vinnutími í dagvinnu hjá slíkum starfsmönnum er 37 klst. og 5 mínútur eða 37,08 stundir. Virkur vinnutími vaktavinnustarfsmanna í fullu starfi er allt að 40 klst. á viku.

5. Frávik frá daglegri lágmarkshvöld - frítökuréttur

Eins og fyrr sagði er heimilt að víkja frá meginreglunni um 11 klst. daglega lágmarkshvöld í eftirfarandi tilvikum:

5.1 Vaktaskipti

Vegna skipulegra vaktaskipta er heimilt með kjarasamningi að stytta samfellda lágmarkshvöld starfsmanna í allt að 8 klst. Þetta á t.d. við þegar starfsmaður skiptir af næturvakt yfir á kvöldvakt samkvæmt skipulagi vaktskrár. Sama gildir um viðbótarvaktir til uppfyllingar umsömdum vinnustundafjölda þrátt fyrir að vaktir þessar séu ekki inni í reglubundnum vakthring.

Frávíkshéimild þessi frá 11 klst. samfelldri lágmarkshvöld á hins vegar ekki við þegar starfsmaður lýkur yfirvinnu og fer yfir á reglubundna vakt og öfugt.

Þar sem hér er um frávik frá meginreglunni um 11 klst. samfellda hvöld að ræða, verður að gera þá kröfu til vaktkerfis að það sé skipulagt þannig að skipti milli mismunandi tegunda vakta séu sem sjaldnast á vakthring, þ.e. að vinnan sé skipulögð með sem jöfnustum hætti.

5.2 Sérstakar aðstæður

Við sérstakar aðstæður er heimilt að stytta hvöldartíma í allt að 8 klst. og lengja vinnulotu í allt að 16 klst., þ.e.a.s. við ófyrirsjáanleg atvik þegar bjarga þarf verðmætum. Ennfremur þegar almannaheill krefst þess og/eða halda þarf uppi nauðsynlegri heilbrigðis- eða öryggisþjónustu.

Sé heimildum til frávíka frá daglegum hvöldartíma skv. þessum lið beitt, skal starfsmaður fá samsvarandi hvöld í staðinn. Í beinu framhaldi af 16 klst. vinnulotu skal undantekningarlaust veita starfsmanni 11 klst. hvöld strax á óskertum þeim launum sem hann annars hefði fengið.

5.3 Truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna

Ef truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra slíkra ófyrirséðra atvika, má víkja frá ákvæðum um daglega lágmarkshvöld að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Um er að ræða tilvik sem ekki verða séð fyrir. Rétt er að kalla annan starfsmann til vinnu til að leysa þann starfsmann af sem ekki hefur náð tilskilinni hvöld, sé þess nokkur kostur.

5.4 Frítökuréttur

Hafi stjórnandi metið það svo að brýn nauðsyn sé til að starfsmaður sé beðinn sérstaklega um að mæta til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvöld er náð, skapast frítökuréttur sem er almennt skv. kjarasamningum 11/2 klst. fyrir hverja klukkustund sem hvöldin skerðist. Ávinnsla frítökuréttar einskorðast ekki við heilar stundir.

Starfsmaður á ekki að mæta aftur til vinnu fyrr en að aflokinni 11 klst. hvöld nema hann hafi sérstaklega verið beðinn um það. Mæti starfsmaður eigi að síður áður en hann hefur náð hvöldinni, skapar hann sér ekki frítökurétt.

Uppsafnaður frítökuréttur skal koma fram á launaseðli og hann skal veittur í hálfum eða heilum dögum. Áður en stjórnandi ákveður hvenær starfsmaður taki út uppsafnaðan frítökurétt, skal hann hafa um það samráð við hlutaðeigandi starfsmann. Leitast skal við að veita frí svo fljótt sem auðið er eða með reglubundnum hætti til að koma í veg fyrir að frí safnist upp.

Á þeim vinnustöðum þar sem vinnutími starfsmanna er með þeim hætti að uppsöfnun frítökuréttar er í einhverjum mæli, er æskilegt að til staðar séu almennar vinnureglur um hvernig staðið skuli að frítöku starfsmanna.

Í mörgum kjarasamningum er heimild til að greiða starfsmanni út 1/2 klst. í dagvinnu af frítökuréttinum, óski hann þess.

6. Lokaorð

Mikilvægt er að skipuleggja vinnutíma starfsmanna með tilliti til hvíldartímaákvæða og leita allra leiða til að koma í veg fyrir eða draga úr þeim tilvikum þar sem reynt getur á lágmarkshvíldarákvæðin umfram það sem samningar kveða á um.

Leiðbeiningar þessar eru unnar af samráðsnefnd sem skipuð er skv. 14. gr. samnings um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ hins vegar frá 23. janúar 1997.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um útfærslu samningsins og túlka einstök ákvæði hans. Komi upp ágreiningur á vinnustað um framkvæmd og túlkun samningsins og hafi hlutaðeigandi aðilum ekki tekist að eyða ágreiningnum, er heimilt að vísa málinu til nefndarinnar til úrlausnar í samræmi við þann vilja aðila samningsins sem fram kemur í 2. mgr. 14. gr. um að reynt verði til þrautar að leysa úr ágreiningi áður en honum er vísað til dómstóla.

Reykjavík, 16. febrúar 2001

SAMKOMULAG

um vopnaburð lögreglumanna
sbr. reglur um meðferð lögreglumanna á skotvopnum o.fl.

Fylgiskjal 2/1987 með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna
undirrituðum 22. maí 1987

1. Enginn lögreglumaður skal búinn vopnum nema hann hafi lokið báðum hlutum Lögregluskóla ríkisins og hafi þriggja ára starfsreynslu.
 2. Enginn lögreglumaður skal búinn vopnum nema hann hafi áður notið undirbúningsþjálfunar í vopnaburði sem er sambærileg við það sem almennt er meðal grannþjóða t.d. í Noregi. Hann skal hafa fengið þjálfun í notkun vopns þeirrar tegundar sem hann fær afhent til notkunar. Þá skal hann njóta þeirrar viðhaldsþjálfunar sem almennt gerist meðal grannþjóða.
 3. Aðilar eru sammála um að lögreglumenn verði ekki skyldaðir gegn vilja sínum til að bera vopn í starfi sínu. Þetta leysir lögreglumann þó ekki undan skyldu til að vopnast í starfi ef þörf krefur sbr. 2. grein reglna um meðferð lögreglumanna á skotvopnum o.fl.
 4. Lögreglumaður sem starfar vopnaður, skal að jafnaði eigi standa lengri varðstöðu en 12 stundir samfelt frá upphafi vinnudags. Lögreglumaður í vopnaðri varðstöðu skal að jafnaði eiga kost á klukkustundar hléi á varðstöðu eftir að hún hefur varað 4 klst.
 5. Tryggja skal eftir föngum að lögreglumaður í vopnaðri sveit noti einn sama vopnið og annist umhirðu þess. Skal hann og hafa hlotið þjálfun í meðferð þess.
 6. *Greinin brottfelld skv. 11. grein samkomulags aðila frá 30.08.1997.*
 7. Fjármálaráðuneytið mun tryggja að vopnaður lögreglumaður, sem verður óvinnufær vegna atviks er hlýst af vopnaburði skv. reglunum, haldi óskertum launum næstu 12 mánuði miðað við laun hans næstu 6 mánuði á undan.
 8. Lögreglumaður, vopnaður skv. reglum um meðferð lögreglumanna á skotvopnum o.fl., skal tryggður ábyrgðartryggingu gegn skaðabótaskyldum atburði sem hljótast kann af notkun vopns. Tryggingarfjárhæðin sé 20.000.000 kr. vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar. Miðast sú fjárhæð við vísitölu neysluverðs (áður vísitölu framfærslukostnaðar) í nóvember 1986 179,22 stig (febrúar 1984=100). Fjárhæðin skal endurskoðuð tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí, og taka þá sömu breytingum og orðið hafa á vísitölu neysluverðs í nóvember og maí næst á undan.
- 1. janúar 2006 er tryggingarfjárhæð skv. 8. grein 67.860.730 krónur og miðast við vísitölu neysluverðs í nóvember 2005, 608,1 stig.*
9. Samkomulag þetta skerðir ekki fyrri samninga lögreglumanna um vopnaburð.

Viðauki 4

Landssamband lögreglumanna og dómsmálaráðherra gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

undirritað 1. júní 1995

um launalaus leyfi félagsmanna í aðildarfélögum Landssambands lögreglumanna, sbr. ákvæði 10.2.2. í kjarasamningi aðila.

I. Kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Árlega geta allt að 10 lögreglumenn í föstu starfi fengið launalaust leyfi allt að einu ári. Heimilt er að víkja frá þessum fjölda þannig að á tilteknu tímabili geti fleiri eða færri lögreglumenn en 10 verið í launalaus leyfi. Miðað skal við að á hverju þriggja ára tímabili verði ekki fleiri lögreglumenn í launalaus leyfi en 10 að jafnaði.

2. gr.

Til þess fjölda lögreglumanna sem á hverjum tíma eru í launalaus leyfi teljast ekki eftirtaldir:

- a) Kennarar við Lögregluskóla ríkisins, sem ráðnir eru tímabundið til starfa þar.
- b) Þeir lögreglumenn sem fara til starfa við annað lögreglustjóraembætti að ósk viðkomandi lögreglustjóra til afleysinga eða vegna annarra brýnna löggæsluhagsmuna, að fengnu samþykki þess lögreglustjóra þar sem lögreglumaðurinn er fastráðinn.
- c) Þeir lögreglumenn er fara til friðargæslu á vegum alþjóðlegra stofnanna og annarra löggæslustarfa erlendis á vegum íslenskra stjórnvalda í allt að 18 mánuði, enda séu þeir ekki fleiri en 5 á hverjum tíma.

II. Kafli

Skilyrði launalauss leyfis.

3. gr.

Skilyrði þess að lögreglumaður geti fengið launalaust leyfi eru:

- a) að lögreglumaður sé skipaður, settur eða ráðinn ótímabundið til starfa.
- b) að hann hafi starfað sem lögreglumaður í a.m.k. 10 ár.

4. gr.

Lögreglumaður sem áður hefur fengið launalaust leyfi getur ekki fengið launalaust leyfi á ný fyrr en að liðnum 10 árum frá því hann síðast fékk launalaust leyfi.

Þegar beiðnir um launalaus leyfi eru afgreidd ganga þeir fyrir sem ekki hafa áður fengið launalaust leyfi, ef takmarka þarf fjölda þeirra sem fá launalaus leyfi.

5. gr.

Heimilt er að veita lögreglumanni launalaust leyfi, þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr., vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna náms lögreglumannsins eða veikinda innan fjölskyldu.

III. Kafli

Umsókn um launalaust leyfi og meðferð beiðni.

6. gr.

Umsókn um launalaust leyfi skal beina til þess lögreglustjóra þar sem viðkomandi lögreglumaður starfar. Skal umsóknin hafa borist lögreglustjóra eigi síðar en fjórum mánuðum áður en áætlað er að launalaust leyfi hefjist, nema sérstakar ástæður, s.s. veikindi, komi í veg fyrir það. Heimilt er að víkja frá þessum tímafresti með samþykki viðkomandi lögreglustjóra.

Í umsókn um launalaust leyfi skal m.a. koma fram:

- a) Nafn og kennitala umsækjanda.
- b) Starfsferill og starfsaldur.
- c) Ástæður umsóknar um launalaust leyfi.
- d) Tímalengd launalauss leyfis.
- e) Hyggist lögreglumaður í leyfi sínu starfa sem lögreglumaður við annað embætti skal það tilgreint og nánari atvik þess og ástæður.

Innan 10 daga frá móttöku beiðni um launalaust leyfi skal lögreglustjóri senda dómsmálaráðuneytinu umsóknina til ákvörðunar ásamt umsögn sinni.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið veitir launalaus leyfi að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra. Að jafnaði skal ákvörðun ráðuneytisins liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum áður en launalaust leyfi hefst. Skal tilkynna umsækjanda skriflega um ákvörðun ráðuneytisins. Landssamband lögreglumanna skal tilkynnt um afgreiðslur ráðuneytisins á beiðnum um launalaus leyfi.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá yfir þá lögreglumenn sem á hverjum tíma eru í launalaus leyfi, samkvæmt samkomulagi þessu. Skal Landssamband lögreglumanna hafa aðgang að þeirri skrá.

IV. Kafli

Leyfistími og endurkoma í starf.

9. gr.

Launalaust leyfi skal vera samfelld og er heimilt að veita það í allt að 12 mánuði. Í undantekningartilvikum, s.s. vegna náms lögreglumannsins, er heimilt að skipta leyfistíma í tvennt, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri það. Þessi undantekning getur þó aldrei leitt til þess að samanlagður leyfistími verði lengri en 12 mánuðir.

10. gr.

Lögreglumaður sem fengið hefur launalaust leyfi hefur ekki sjálfstæðan rétt á að hefja störf sem lögreglumaður að nýju fyrr en að leyfistíma loknum.

Viðkomandi lögreglustjóra er þó heimilt að ákveða, samkvæmt beiðni lögreglumanns í launalaus leyfi, að hann hefji störf áður en leyfistíma líkur. Í slíku tilviki fellur ótekið launalaust leyfi niður.

Að loknu launalaus leyfi skal lögreglumaður að jafnaði ganga í það starf er hann gegndi er hann hóf launalaust leyfi.

V. Kafli
Gildistaka og fleira.

11. gr.

Samkomulag þetta öðlast þegar gildi. Hvor aðili um sig getur sagt því upp með þriggja mánaða fyrirvara.

12. gr.

Komi upp ágreiningur um ákvarðanir varðandi veitingu leyfa eða túlkun á reglum þessum skal um það fjallað af Landssambandi lögreglumanna og dómsmálaráðuneytinu.

13. gr.

Til viðbótar launalausum leyfum samkvæmt samkomulagi þessu geta lögreglustjórar veitt lögreglumönnum launalaus leyfi í allt að einn mánuð í senn.

REGLUR

um

Starfsmenntunarsjóð Landssambands lögreglumanna

frá 24. nóvember 1992

Sjá grein 10.3.1 í kjarasamningi

1. grein Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Landssambands lögreglumanna og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.
2. grein Markmið sjóðsins eru:

Að lögreglumenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi sem beinlínis er við það miðað að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði.

Að lögreglumenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga, eigi lögreglumenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.
3. grein Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Á hverju reglulegu þingi Landssambands lögreglumanna skal kjósa aðalmenn og varamenn og er kjörtímabil þeirra fram á næsta reglulega þing Landssambands lögreglumanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórn sjóðsins er heimilt, telji hún þess þörf, að ráða starfsmann er inni af hendi nauðsynleg störf til þess að tryggja að sjóðurinn sinni því hlutverki sem honum er ætlað.
4. grein Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Framlag úr ríkissjóði, er nema skal 0,22% af heildarlaunum félagsmanna. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
 - b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans sbr. 2. gr.
5. grein Til þess að annast hlutverk sitt skal sjóðurinn beita sér fyrir námsskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga eða endurhæfingarnámi þeirra. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðstjórn m.a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna samrýmist þau markmiðum þeim sem að er stefnt að ná sbr. 2. gr.

1. Einstaka sjóðsfélögum til:

- a) að sækja námskeið eða nám innanlands eða utan.
- b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

2. Landssambandi lögreglumanna og/eða einstökum félögum innan LL til:

- a) námskeiðahalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.

6. grein Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum, skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi, þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs, telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram a.m.k. ársfjórðungslega.
7. grein Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn hafa samþykkt þær með áritun sinni, t.d. á umsóknir eða reikninga.
8. grein Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðanda og kjörnum endurskoðanda Landssambands lögreglumanna.
- Skrifstofa Landssambands lögreglumanna skal sjá um bókhald sjóðsins. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðra aðila að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.
9. grein Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðast liðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn Landssambands lögreglumanna hins vegar.
- Á hverju reglulegu þingi Landssambands lögreglumanna skal stjórn sjóðsins gera grein fyrir störfum hans frá síðasta þingi og leggja fram endurskoðaða reikninga hans.
10. grein Reglur þessar sem settar eru samkvæmt ákvæðum samkomulags fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna, öðlast gildi hinn 31. desember 1992.

REGLUR sjóðstjórnar fræðslu- og starfsþróunarsjóðs lögreglumanna

Frá 7. mars 2006. Sjá grein 10.4.1 í kjarasamningi

1. grein Sjóðurinn heitir Fræðslu- og starfsþróunarsjóður lögreglumanna og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem nánar er kveðið á um í kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssambands lögreglumanna hins vegar, sem og nánar er kveðið á um í reglum þessum. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.
2. grein Hlutverk sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun lögreglumanna m.a. með því að veita styrki til lögreglumanna á landsbyggðinni sem stunda framhaldsnám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu- og þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra og þurfa að búa fjarri heimilum sínum. Reykjavík og svæði til og með Borgarnesi og Selfossi teljast ekki til landsbyggðar í þessu tilliti.
3. grein Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, einum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, einum frá Landssambandi lögreglumanna og einum úr röðum Sýslumannafélags Íslands. Stjórnin skal halda fundargerðir. Til þess að ákvörðun stjórnar sé lögmæt þarf meirihluti stjórnar að greiða henni atkvæði. Að öðru leyti skal sjóðstjórn skipta með sér verkum.
4. grein Vinnuveitandi lögreglumanna greiðir sérstakt gjald í Fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna sem eru tekjur sjóðsins og mynda ráðstöfunarfé hans ásamt vaxtafé og skal ráðstöfunarféð standa undir styrkveitingum sjóðsins. Framlag til sjóðsins er eins og um er samið í kjarasamningi. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2.gr.
5. grein Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir styrkjum úr sjóðnum fyrir 15. júní ár hvert, vegna umsókna er taka til náms á næstu haustönn, og fyrir 30. desember vegna umsókna er taka til náms á næstu vorönn. Í auglýsingu skal m.a. tekið fram um umsóknarfrest, hvar umsóknareyðublöð fást og hvar leita má upplýsinga um styrki og umsóknir.
Stjórn sjóðsins skal taka ákvarðanir um styrkveitingar og tilkynna þær umsækjanda eigi síðar en 20. ágúst, vegna haustannar og eigi síðar en 20. janúar vegna vorannar.
Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá tímaviðmiðunum og skilyrðum í 1. og 2.mgr. ef veigamiklar ástæður búa þar að baki, s.s. ef námskeið eru auglýst með skömmum fyrirvara eða þau hefjast á öðrum tímum en við upphaf haust- og vorannar.
6. grein Lögreglustjórar skulu sækja um styrk í sjóðinn fyrir hönd lögreglumanns og skal umsókn bera með sér áritun lögreglustjóra og viðkomandi lögreglumanns.
Með umsókninni skal fylgja staðfesting menntastofnunar á að umsækjandi sé skráður í nám, lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaður kostnaður, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið sem umsókn byggir á, og aðrar þær upplýsingar sem sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar.
Sjóðstjórn getur vikið frá ofangreindum skilyrðum í undantekningartilfellum ef brýna nauðsyn ber til.

7. grein Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um meðferð umsókna og getur óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum vegna umsókna. Ákvörðun sjóðstjórnar sem felur í sér styrkveitingu eða synjun umsóknar, er endanleg ákvörðun á stjórnarsýslustigi.
- Við mat á umsóknum, sbr. 6.gr., og ákvörðun um styrkveitingu getur stjórn sjóðsins m.a. lagt til grundvallar, hvort nám það sem sótt er um sé að mati stjórnarinnar sérstaklega til þess fallið að gagnast viðkomandi umsækjanda í núverandi starfi og að samsetning námsins sé þannig líkleg til þess að stuðla að aukinni þekkingu og bættri starfshæfni umsækjanda. Í þessu skyni er sjóðstjórn heimilt að leita sérstakrar umsagnar Lögregluskóla ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra.
- Sjóðstjórn er enn fremur heimilt að forgangsraða umsóknum, m.a. út frá áhuga og færni umsækjanda, þörf embættis sem umsækjandi starfar hjá fyrir þá þekkingu sem ætlunin er að afla, hvort umsækjandi hafi áður hlotið styrkveitingu úr sjóðnum, og því hvort umsækjandi njóti styrkja annars staðar frá vegna náms. Þá er sjóðstjórn enn fremur heimilt að gera það að skilyrði styrkveitingar að viðkomandi styrkþegi skili stuttri samantekt í formi skýrslu um það nám sem um ræðir.
8. grein Sjóðstjórn getur ráðfært sig við Lögregluskóla ríkisins varðandi forsendur námskeiða og gæði náms, sbr. 6., og 7.gr.
9. grein Til útgjalda sem styrkveitingu er ætlað að ná yfir teljast fæðiskostnaður, ferðakostnaður, s.s. vegna aksturs og flugfargjalda, gisti- og dvalarkostnaður, sem og annar kostnaður sem ætla má að falli undir hefðbundinn ferða- og dagpeningakostnað.
- Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðila er varðar kostnaðarliði vegna fæðis, ferðakostnaðar og gisti- og dvalarkostnaðar, vegna þeirra lögreglumanna sem njóta styrkjar.
- Vilji lögreglumaður ekki nýta sér þá ferðamöguleika, gistingu og fæði sem er í boði samkvæmt samningi stjórnar, er stjórn sjóðsins heimilt að meta slík tilfelli sérstaklega og styrkja með öðrum hætti, en umsækjandi skal þó í slíkum tilfellum aldrei styrktur um hærri fjárhæð en sem nemur útlögðum kostnaði, sem umsækjandi getur sýnt fram á með framlögðum reikningi og getur fjárhæð styrkjar í einstöku tilfelli aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunarfjárhæðum dagpeninga vegna starfsmanna ríkisins.
10. grein Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að annast þau störf sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.
11. grein Greiðslu styrks skal þannig háttáð að lögreglustjórar sem lagt hafa út fyrir kostnaði og greitt útgjöld vegna viðkomandi lögreglumanns skulu sækja um styrk til sjóðsins fyrir hönd lögreglumannsins, sbr. 6.gr., en sjóðurinn endurgreiðir hlutaðeigandi lögreglustjóra í formi styrks og skulu greiðslur úr sjóðnum fara fram tvisvar á ári, í júnímánuði og janúarmánuði. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá áðurgreindri meginreglu í undantekningartilfellum, s.s. ef fyrirséð þykir að lögreglustjóri muni í upphafi ekki geta lagt út fyrir styrkfjárhæð.
- Sjóðstjórn getur endurkafið lögreglustjóra um þá styrkfjárhæð sem þegar hefur verið greidd beri svo við að lögreglumaður hættir í námi og styrkur hefur verið greiddur lögreglustjóra vegna viðkomandi lögreglumanns.
- Stjórn sjóðsins er óheimilt að skuldbinda sjóðinn um hærri fjárhæð en sem nemur áætluðum tekjum sjóðsins á hverju hálfu árs tímabili, sbr. 5.gr.

12. grein Árlega skal stjórn sjóðsins taka saman stutta skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag sjóðsins og starfsemi hans. Skal skýrsla þessi send samningsaðilum.
- 13.grein Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 11.gr. kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssambands lögreglumanna hins vegar, sbr. 5.mgr. [10.4.1]* greinar samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningi sömu aðila frá 30. apríl 2005, öðlast þegar gildi.

* Í nefndu samkomulagi er greinin nr. 10.3.2.

REGLUR

um form ráðningarsamninga

og

skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör

nr. 351/1996

1. grein **Gildissvið**
Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn skv. 22. gr. sömu laga.
2. grein **Lágmarksákvæði um ráðningarkjör**
Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður við starfsmann við upphaf ráðningar. Í honum skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:
1. Deili á aðilum.
 - a) Nafn, heimilisfang og kennitala stofnunar.
 - b) Nafn, heimilisfang og kennitala starfsmanns.
 2. Vinnustaður. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum og skulu þeir þá tilgreindir sérstaklega.
 3. Eðli starfs: Starfsheiti skv. kjarasamningi og tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
 4. Vinnutímaskipulag, þ.e. dagvinna, vaktavinna eða annað fyrirkomulag og þá hvers konar. Starfshlutfall og dagleg og/eða mánaðarleg vinnuskylda.
 5. Ráðning, þ.e. hvort ráðning er ótímabundin eða tímabundin.
 6. Upphafsdagur ráðningar.
 7. Starfslokadagur ef ráðning er tímabundin.
 8. Lífeyrissjóður.
 9. Stéttarfélag.
 10. Mánaðarlaun, t.d. með tilvísun til launataxta, og aðrar greiðslur.
 11. Greiðslutímabil launa.
 12. Orlofsréttur.
 13. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
 14. Réttur til launa í barnsburðarleyfi.
 15. Réttur til launa í veikindum.
- Upplýsingar skv. 11.-15. tl. er heimilt að veita með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

3. grein **Störf erlendis**
Sé starfsmanni ríkisins, öðrum en starfsmanni utanríkisþjónustu, falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur, skal hann fyrir brottför fá skriflega staðfestingu á eftirfarandi ráðningarkjörum:
1. Áætluðum starfstíma erlendis.
 2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
 3. Uppbótum eða hlunnindum sem tengjast starfi erlendis.
 4. Eftir atvikum skilyrðum þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins.
- Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.
4. grein **Afmarkaðar breytingar á ráðningarkjörum**
Verði breytingar á ráðningarkjörum skv. 2. og 3. gr., umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal stofnun staðfesta breytingarnar með skriflegum hætti.
5. grein **Sérákvæði varðandi fyrri ráðningar**
Óski starfsmaður sem ekki hefur ráðningarsamning sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og ráðinn var fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar ráðningar í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, skal stofnun láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.
6. grein **Gildistaka**
Reglur þessar sem settar eru skv. heimild í 1. mgr. 8. gr. og 42. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Meðfylgjandi er fyrirmynd af ráðningarsamningi. Stofnunum er engu að síður heimilt að nota það form sem hentar best hverju sinni, að lágmarksákvæðum 2. gr. uppfylltum, eða bæta inn samingsákvæðum.

Ráðningarsamninginn má sækja á vefsíður Fjársýslu ríkisins – www.fjs.is

Ráðningarsamningur

samkvæmt 42. grein laga nr. 70/1996

Ríkisstofnun:

Heiti	Kennitala
Póstfang	Fjárlaganúmer stofnunar / deildar

Starfsmaður:

Nafn	Kennitala
Póstfang	

Ráðningarkjör:

Starfsheiti skv. kjarasamningi	Stéttarfélag	
Vinnustaður (ráðningarstaður)	Lífeyrissjóður	
Tegund starfs	Launaflokkur	Starfsaldur til launa
Vinnutímaskipulag <input type="checkbox"/> Dagvinna <input type="checkbox"/> Yfirvinna <input type="checkbox"/> Annað, hvað:	<input type="checkbox"/> Ótímabundin ráðning Upphafsdagur ráðningar	<input type="checkbox"/> Tímabundin ráðning Lokadagur tímabundinnar ráðningar
Starfshlutfall - %	Dagleg og/eða mánaðarleg vinnuskylda og mörk reglubundins vinnutíma	
Aðrar greiðslur		

Um launagreiðslur, launaflokk, starfsaldur til launa og önnur starfskjör, fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er hér að ofan enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins og starfsmaðurinn hafi rétt til aðildar að stéttarfélaginu samkvæmt samþykktum þess.

Um rétt til launa í veikindum og barnsburðarleyfi fer samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Um orlof fer samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Uppsagnarfrestur ótímabundins ráðningarsamnings er þrjú mánuðir. Þó skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Uppsagnarfrestur tímabundins ráðningarsamnings er einn mánuður. Uppsögn miðast við mánaðamót. Þessi ákvæði um uppsagnarfrest eiga við nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Mánaðarlaun eru greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar næst á eftir vinnumánuði. Þá eru einnig greidd laun fyrir yfirvinnu, vaktaálög, ferðakostnaður, akstursgjald og aðrar greiðslur fyrir tímabilið frá 16. degi mánaðar til 15. dags mánaðar næst á undan greiðsludegi.

Um réttindi og skyldur starfsmanns fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skulu þau lög liggja til grundvallar við gerð þessa ráðningarsamnings auk kjarasamnings þess stéttarfélags sem tilgreint er hér að ofan.

Þurfi starfsmaður að mæta til vinnu á fleiri en einum vinnustað (ráðningarstað) stofnunar, skulu þeir tilgreindir sérstaklega.

Dagsetning	Undirskrift forstöðumanns stofnunar	Undirskrift starfsmanns
------------	-------------------------------------	-------------------------

Launareikningur starfsmanns:

Innlánsstofnun / afgreiðslustaður / tegund innlánsreiknings	Tölutákn innl.stofnunar	Hb númer	Reikningsnúmer
---	-------------------------	----------	----------------

REGLUR

um auglýsingar á lausum störfum
nr. 464/1996

- 1. grein** Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn skv. 22. gr. sömu laga.
- 2. grein** Auglýsa skal laus störf þannig að umsóknarfrestur sé a.m.k. 2 vikur frá birtingu hennar.
- Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:
1. Störf sem aðeins eiga að standa í 2 mánuði eða skemur.
 2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
 3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu 6 mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í 6 mánuði.
- 3. grein** Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annað hvort þannig:
1. Að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Eða
 2. að auglýsing sé lesin eða birtist að minnsta kosti þrisvar sinnum í tengslum við hádegis- eða kvöldfréttatíma ljósvakamiðils sem nær til alls landsins.
- 4. grein** Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:
1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
 2. Hvert umsókn á að berast.
 3. Hvort umsókn eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
 4. Umsóknarfrestur.
 5. Hvaða starf/starfssvið um er að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
 6. Starfshlutfall.
 7. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
 8. Hvaða starfskjör eru í boði.
 9. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
 10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
 11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
- 5. grein** Reglur þessar sem settar eru skv. heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

UMBURÐARBRÉF ferðakostnaðarnefndar

dagsett 26. maí 2004

Um greiðslur ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna vegna ferðalaga á vegum ríkisins fer samkvæmt reglum nr. 39/1992 og auglýsingu nr. 569/1994, um breytingu á þeim reglum. Jafnframt hefur ferðakostnaðarnefnd sett eftirfarandi reglur þar sem nánar er kveðið á um útfærslu við greiðslu erlendra dagpeninga:

I. ALMENNIR DAGPENINGAR

1. Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur, skulu koma til frádráttar dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Tekið verði mið af dagpeningum vegna gistikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar annars vegar og hins vegar eftirfarandi hlutfallslegri skiptingu á öðrum kostnaði:

b)	Fæði	70%
c)	Annar kostnaður	30%

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi.

2. Heimilt er að víkja frá venjulegum dagpeningagreiðslum þegar sérstaklega stendur á svo sem þegar óhjákvæmilegt er talið að gista á dýrari hótélum, til dæmis vegna ráðstefnuhalda. Í slíkum tilvikum greiðist kostnaður eftir reikningum sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar. Notkun þessa ákvæðis er háð sérstakri ákvörðun forstöðumanns/ráðuneytis hverju sinni.

II. DAGPENINGAR VEGNA ÞJÁLFUNAR, NÁMS EÐA EFTIRLITSSTARFA

3. Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað, skal greiða fulla dagpeninga, sbr. þó 7. tölulið hér á eftir.
4. Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað, skal greiða almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó ákvæði 4.-7. töluliðs hér á eftir.
5. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 90 dögum, skulu þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeningar lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði enda hafi viðkomandi stofnun eða ráðuneyti samþykkt dvölinna. Sérákvæði sem sett hafa verið um námsdvöl erlendis, skulu haldast óbreytt.
6. Hafi stofnun samið um fæði og/eða gistingu á kjörum sem eru jafn hagstæð gildandi dagpeningum vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa, skulu að jafnaði þeir dagpeningar greiddir.
7. Verði breyting á ferðatilhögun samkvæmt ákvörðun viðkomandi stofnunar eftir að ferð er hafin, skal það ekki hafa í för með sér skerðingu á dagpeningum fyrir þann tíma sem liðinn er frá því að ferð hófst þar til ákvörðun um breytingu er tekin.

8. Styrkir og hvers kyns hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni standur, skulu skilyrðislaust koma til frádráttar dagpeningagreiðslum samkvæmt 2.-5. tölulið hér að framan.
9. Verði af einhverjum ástæðum hlé á dvöl erlendis áður en henni er lokið, skal svo litið á að um samfelldan ferðatíma sé að ræða.

III. ALMENN ÁKVÆÐI

10. Ferðakostnaðarnefnd getur ákveðið aðra tilhögun en segir hér að framan, séu að hennar mati sérstakar ástæður fyrir hendi.
11. Komi til ágreinings um túlkun þessara reglna, er heimilt að vísa honum til úrskurðar ferðakostnaðarnefndar.
12. Reglur þessar gilda frá og með 1. júní 2004. Jafnframt fellur úr gildi fyrra umburðarbréf nefndarinnar, dagsett 24. febrúar 1999.

REGLUR
um greiðslu ferðakostnaðar
vegna ferðalaga á vegum ríkisins
nr. 39/1992, sbr. augl. nr. 569/1994 og 13/1996
Sbr. 5. kafla kjarasamningsins

1. Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra sem ferðast innanlands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Ferðalög innanlands

2. Fargjöld á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins greiðist eftir reikningi sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
3. Sé ekki unnt að leggja fram reikninga eða um það samið, skulu ríkisstarfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands með dagpeningum eins og þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd, sbr. ákvæði í kjarasamningum fjármálaráðherra við ríkisstarfsmenn.

Ferðalög erlendis

4. Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt farseðlar. Far með flugvélum skal miðast við venjuleg farrými flugvélar, þ.e. ferðamannafarrými. Heimilt er þó að greiða far á betra farrými flugvélar fyrir þá sem sérstakar reglur gilda fyrir, um greiðslu dagpeninga, sbr. 10. gr. Far með skipum, lestum eða langferðabíreiðum miðast við far á fyrsta farrými ef við á.

Beri nauðsyn til að ferðast með öðrum og kostnaðarsamari hætti en áður er greint, greiðist slíkur kostnaður eftir reikningum sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar.

Áður en ferð til útlanda hefst, ber að afla skriflegrar heimildar viðkomandi ráðuneytis. [Ráðuneytið getur falið stofnun að annast útgáfu slíkra heimilda.] Í heimildinni skal tilgreindur fjöldi ferðadaga [og gistinátta. 1] Að lokinni ferð skal viðkomandi starfsmaður gera ferðakostnaðarreikning. Honum skal skila til greiðslu eða bókuunar ásamt fylgiskjölum innan 30 daga frá komudegi. Fjársýsla ríkisins gefur nánari leiðbeiningar um meðferð og skil ferðareikninga.

1] Augl. 569/1994.

2] Augl. 13/1996.

5. [Annar ferðakostnaður en fargjöld skv. 4. gr. greiðist af dagpeningum sem ákveðnir eru af ferðakostnaðarnefnd, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðis og annars kostnaðar. Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn). 1]

1] Augl. 569/1994.

6. Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld svo sem ferðakostnað að og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu, minni háttar risnu og hvers kyns persónuleg útgjöld.

Beri nauðsyn til að hafa meiri háttar risnu í ferðalögum erlendis, greiðist slík risna eftir reikningi sem viðkomandi ráðuneyti úrskurðar. Teljist slík greiðsla óþörf, skal sá sem risnuna veitti, bera þann kostnað sjálfur.

7. Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur, skulu koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni.
Greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin eru til útlanda í erindum ríkisins, greiðir viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt er af öðrum og greiðslu skv. þessum reglum.
8. Ef dvalið er langdvölum erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa á vegum ríkisins, skal greiða dagpeninga skv. reglum sem ferðakostnaðarnefnd setur. Ef sami maður fer oftár en einu sinni á ári (360 dögum) til dvalar á sama stað, greiðast ofangreindir dagpeningar eins og um samfellda dvöl sé að ræða. Hér er miðað við að starfsmenn séu í þjálfun vegna síns eiginlega starfs eftir ákvörðun forstöðumanns en ekki við almenn þjálfunarnámskeið.
9. Ferðakostnaður skv. framansögðu greiðist eingöngu fyrir þann sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins en ekki fyrir maka hans eða skyldulið. Sé um að ræða opinbera heimsókn eða mjög sérstakar aðstæður að mati viðkomandi ráðuneytis, er þó heimilt að greiða fargjald maka og hálfra dagpeninga vegna hans.
10. Eftirfarandi sérreglur gilda um greiðslu dagpeninga til ráðherra, ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanna ráðherra, biskups, ríkisendurskoðanda, hæstaréttardómara, ríkissáttasemjara, forsetaritara og sendiherra:
Ráðherrum og forseta hæstaréttar skulu greiddir fullir dagpeningar. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður, risnukostnaður og símtöl. Séu makar ráðherra með í för, fá þeir auk fargjalds og gistingar greidda 50% dagpeninga ráðherra. Sendiherrum skulu greiddir 2/3 hlutar fullra dagpeninga, auk gisti- og símakostnaðar. Öðrum þeim er sérreglur gilda um, skulu greiddir 4/5 hlutar fullra dagpeninga, auk gisti- og símakostnaðar.
11. Þegar um er að ræða ferðir forstjóra ríkisstofnana, getur viðkomandi ráðherra við sérstakar aðstæður vikið frá aðalreglunni um greiðslur ferðakostnaðar á ferðalögum erlendis og ákveðið að þessum einstaklingum verði greiddur gistikostnaður og helmingur dagpeninga.
12. Um dagpeninga fyrir starfsfólk sem eru félagar í öðrum stéttarfélögum en ríkisstarfsmanna, gilda þeir samningar sem á hverjum tíma eru í gildi milli þeirra og vinnuveitenda.
13. Reglur utanríkisráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks sem flyt búferlum milli landa á þess vegum, skulu gilda óbreyttar.
14. Um ferða- og farangurstryggingu ríkisstarfsmanna fer skv. ákvæðum kjarasamninga þeirra.
15. Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármálaráðuneytið úrskurða þar um.
16. Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 101/1973 með síðari breytingum.

REGLUR
nr. 281, 25. maí 1988
um farangurstryggingar starfsmanna
á ferðalögum á vegum ríkisins

Sjá gr. 7.2.1

Verði persónulegur farangur starfsmanns fyrir tjóni á ferðalagi á vegum ríkisins, skal skaðinn bættur af ríkinu í eftirfarandi tilvikum og með svofelldum reglum og takmörkunum:

1. Tryggingin tekur til allra starfsmanna ríkisins er þeir ferðast á vegum ríkisins og ríkisstofnunar. Einnig eru tryggðir aðrir aðilar sem ferðast á vegum og á kostnað þessara aðila.
2. Útgáfa ferðaheimildar til utanlandsferðar sem forstöðumaður ráðuneytis eða stofnunar eða staðgengill hans hefur gefið út viðkomandi til handa, er staðfesting á að farangur sé tryggður.

Verði tjón í ferð innanlands, skal forstöðumaður viðkomandi stofnunar staðfesta skriflega að ferð starfsmanns hafi verið á vegum stofnunarinnar.

3. Til farangurs teljast persónulegir lausafjármunir sem tryggði hefur með sér í ferðalagið og taldir eru nauðsynlegir þess vegna, þó ekki peningar og ávísanir.
4. Tryggingin bætir tjón á farangri af völdum bruna, skyndilegs óhapps, innbrots, þjófnaðar og ennfremur ef hann glatast.

Vátryggingarupphæð tryggingarinnar miðast við verðmæti farangursins en þó að hámarki 120.000 krónur í hverri ferð.

Fyrir hvern einstakan hlut, þar eða samstæðu er ekki bætt hærri upphæð en 23.000 kr. Bótaskylda takmarkast við þessa fjárhæð nema hluturinn og verðmæti hans hafi verið tilkynnt skriflega fyrirfram til þess sem gaf út ferðaheimildina og samþykkt sbr 2. lið. Nær tryggingin þá einnig til þess hlutar jafnvel þótt verðmæti hans eða heildarbótafjárhæð fari með því fram úr hámarksfjárhæðum hér á undan.

Tjónþoli ber í eigin áhættu 20% af hverju tjóni þó ekki lægri upphæð en 2.000 kr.

Fjárhæðir þessar endurskoðast tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Þær miðast við vísitölu framfærslukostnaðar (nú vísitölu neysluverðs) **1. janúar 1988, 233,41 stig** og skulu breytast í samræmi við hana.

Bótafjárhæðir á fyrra misseri 2006 miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2006, 612,2 stig (febrúar 1984=100):

	<i>01.01.1988</i>	<i>01.01.2006</i>
	<i>var kr.</i>	<i>nú kr.</i>
<i>Hámarksvátryggingarfjárhæð</i>	<i>120.000</i>	<i>314.700</i>
<i>Hámark fyrir hvern einstakan hlut</i>	<i>23.000</i>	<i>60.300</i>
<i>Lágmarksfjárhæð eigin áhættu</i>	<i>2.000</i>	<i>5.200</i>

5. Tryggði skal gæta farangurs síns vel og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón.

Ef tjón verður rakið til ásetnings, gáleysis eða ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu tryggða, fellur bótaskylda niður. Skemmdir, sem hljóttast af mölflugum, meindýrum eða eðlilegu sliti, bætast ekki.

6. Verði tjón, skal tjónþoli gera ráðstafanir sem sanna að tjónið hafi orðið, t.d. tilkynna lögreglu, viðkomandi hóteli eða flutningsaðila um skemmdir, missi eða þjófnað.
Tjón sem verður á tryggðum munum á gisti- og veitingahúsum eða í vörslu flutningamanna, skal tilkynna sérstaklega fyrirsvarsmönnum þessara aðila og um leið skal áskilja rétt til skaðabóta úr þeirra hendi.
Skemmist farangur eða týnist, meðan hann er í vörslu flugfélags, skal tilkynna skemmdirnar eða tapið strax eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu).
Vanræksla á tilkynningarskyldu getur valdið lækkun eða bótamissi eftir reglum laga um váttryggingarsamninga.
Tjón skal tilkynnt sem fyrst til launaskrifstofu ríkisins [nú Fjársýslu ríkisins].
7. Launaskrifstofa ríkisins [nú Fjársýsla ríkisins] sér um uppgjör tjóna. Samið skal um uppgjör á tjóni, þegar fyrir liggja nauðsynleg sönnunargögn og skýrslur.
8. Þegar tjón er metið, skal hlutur sem er yngri en tveggja ára, bætast sem nýr væri en sé hluturinn eldri, bætist hann á grundvelli raunvirðis síns, sbr. 37. gr. laga um váttryggingarsamninga.
9. Eigi tryggði kröfu á hendur þriðja aðila vegna tjóns, eignast ríkið kröfuna án sérstaks framsals, að svo miklu leyti sem það hefur bætt tjónið.
Komi glataður farangur í leitirnar óskemmdur eftir að hann hefur verið bættur af ríkissjóði, skal starfsmaðurinn endurgreiða bæturnar eða afhenda tryggingarsala hinn glataða farangur að svo miklu leyti sem hann hefur verið bættur.
10. Lög nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, gilda um þau atriði sem ekki er öðruvísi mælt fyrir um í þessum reglum.
11. Rísi ágreiningur um umfang tryggingar eða tjónauppgjör, skal fjármálaráðuneytið tilnefna einn mann og stéttarfélag viðkomandi starfsmanns annan sem úrskurða skulu um ágreininginn. Ef matsmenn eru ekki sammála, skulu fjármálaráðuneytið og stéttarfélagið koma sér saman um oddamann.
12. Mál sem rísa kunna út af tryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

REGLUGERÐ
um starfsstig innan lögreglunnar
nr. 49 14. janúar 2002

1. gr. Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um störf þeirra starfsmanna lögreglu sem fara með lögregluvald hjá lögregluembættum landsins.

Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina verksvið og ábyrgð innan lögreglunnar út frá mismunandi starfsstigum og samræma skipulag lögregluliða.

2. gr. Starfsstig innan lögreglunnar.

Innan lögreglu eru 9 starfsstig og eru þau eftirfarandi:

1. Ríkislögreglustjóri.
2. Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.
3. Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.
4. Yfirlögregluþjónar.
5. Aðstoðaryfirlögregluþjónar.
6. Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar.
7. Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn.
8. Lögreglumenn.
9. Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.

Í skipunarbréfi til lögreglumanns í starfsstigi 6 og 7 skal geta starfsstigs hans. Lögreglumaður skal nota starfsheitið aðalvarðstjóri eða lögreglufulltrúi og starfsheitið varðstjóri eða rannsóknarlögreglumaður, í samræmi við þá stöðu og þau verkefni sem honum eru falin hverju sinni, samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra.

Um verkefni og ábyrgð, sem hverju starfsstigi fylgja, fer samkvæmt lögreglulögum, reglum þessum og nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

3. gr. Ríkislögreglustjóri.

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum lögreglulaga þar sem hlutverki hans er nánar lýst.

4. gr. Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.

Vararíkislögreglustjóri er ríkislögreglustjóra til aðstoðar og er staðgengill hans samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.

Verksvið og ábyrgð lögreglustjóra er eftirfarandi:

1. Stjórn lögregluliðs viðkomandi umdæmis og ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.
2. Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á lögregluliðinu. Í fjárhagslegri ábyrgð felst að embætti sé rekið innan fjárheimilda, ábyrgð á áætlanagerð og ábyrgð á öllum ákvörðunum, sem fela í sér ráðstafanir á fjárheimildum embættis.
3. Ábyrgð á markmiðssetningu embættisins.
4. Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki og kemur lögreglustjóri fram fyrir hönd síns embættis, nema hann feli öðrum þessi samskipti.
5. Ákærvald í umboði ríkissaksóknara, yfirstjórn lögreglurannsóknna við embættin og flutningur opinberra mála fyrir héraðsdómi samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.
6. Eftirlit með útlendingum.
7. Yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.

8. Yfirstjórn almanna- og nafnavarna í umdæminu samkvæmt ákvæðum laga um almanna- og nafnavarnir.

9. Önnur verkefni sem honum eru falin lögum samkvæmt.

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins fer með yfirstjórn skólans. Verksvið hans og ábyrgð skal vera samkvæmt því sem kveðið er á um í lögregluglögum og reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, þ.m.t. uppbygging og framkvæmd grunnenntunar lögreglumanna og framhaldsmenntunar í skólanum. Að öðru leyti er verksvið hans og ábyrgð hin sama og lögreglustjóra eftir því sem við getur átt.

5. gr. Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar annarra lögreglustjóra.

Varalögreglustjóri í Reykjavík er lögreglustjóra til aðstoðar og er staðgengill hans.

Við embætti þar sem fleiri en einn löglærður fulltrúi starfa skal lögreglustjóri ákveða hver er staðgengill hans.

6. gr. Yfirlögregluþjónar.

Verksvið og ábyrgð yfirlögregluþjóns er eftirfarandi:

1. Dagleg stjórn lögregluliðs í umboði lögreglustjóra.
2. Þátttaka í áætlanagerð, skipulagningu og markmiðssetningu embættisins.
3. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs, deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.
4. Eftirlit með því að vinna lögreglumanna uppfylli að öllu leyti kröfur um fagleg vinnubrögð.
5. Eftirlit með því að þeir sem undir hann heyra færi málaskrá og dagbók lögreglu samkvæmt reglum og fyrirmælum.
6. Stjórn og ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þ.m.t. rannsókn mála og aðstoð við saksókn.

7. gr. Aðstoðaryfirlögregluþjónar.

Verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirlögregluþjóns er eftirfarandi:

1. Hann er yfirlögregluþjóni til aðstoðar og er jafnframt staðgengill hans. Þegar fleiri en einn aðstoðaryfirlögregluþjónn eru við embætti skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill yfirlögregluþjóns hverju sinni.
2. Stjórn og ábyrgð á deildum svo og tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þ.m.t. rannsókn mála og aðstoð við saksókn.
3. Eftirlit með að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.

8. gr. Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar.

1. Verksvið og ábyrgð aðalvarðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:

- a. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsóknir mála þar sem það á við.
- b. Dagleg stjórn lögregluliðs við embætti þar sem ekki er yfirlögregluþjónn.
- c. Vaktstjórn samkvæmt varðskrá almennrar deildar í lögregluliði með fleiri en 35 lögreglumenn.
- d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs eða vaktar undir hans stjórn, eða einstakra verkefna, sé innan fjárheimilda.

2. Verksvið og ábyrgð lögreglufulltrúa er í meginatriðum eftirfarandi:

- a. Stjórn rannsóknardeildar þar sem ekki er aðstoðaryfirlögregluþjónn og stjórn einstakra undirdeilda eða verkefna í lögregluliðum með fleiri en 35 lögreglumenn.
- b. Rannsókn opinberra mála, þ.m.t. tæknirannsóknir.
- c. Aðstoð við undirbúning saksóknar.
- d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt og að fjárhagslegur rekstur deildar eða hóps undir hans stjórn, eða einstakra verkefna, sé innan fjárheimilda.

Aðalvarðstjóri lögreglufulltrúi er staðgengill aðstoðaryfirlögregluþjóns eða yfirlögregluþjóns þar sem ekki er aðstoðaryfirlögregluþjónn, þar sem talin er þörf á slíku. Þegar fleiri en

einn aðalvarðstjóri eða lögreglufulltrúi starfa við embætti skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill.

9. gr. Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn.

1. Verksvið og ábyrgð varðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:
 - a. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsókn mála þar sem það á við.
 - b. Vaktstjórn samkvæmt varðskrá, útivarðstjórn í lögregluliðum með 35 lögreglumenn eða fleiri, og stjórn einstakra verkefna eða hóps lögreglumanna við almenn löggæslustörf.
 - c. Hópstjórn í sérsveit ríkislögreglustjórans.
 - d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt.
 - e. Staðgengill aðalvarðstjóra. Þegar fleiri en einn varðstjóri starfar við embætti á sömu vakt, eða deild, skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill lögreglufulltrúa.
2. Verksvið og ábyrgð rannsóknarlögreglumanns er í meginatriðum eftirfarandi:
 - a. Rannsókn opinberra mála, þ.m.t. tæknirannsóknir.
 - b. Verkstjórn hóps lögreglumanna við rannsókn mála.
 - c. Aðstoð við undirbúning saksóknar.
 - d. Staðgengill lögreglufulltrúa. Þegar fleiri en einn rannsóknarlögreglumaður starfa við embætti í sömu deild, skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill lögreglufulltrúa.

10. gr. Lögreglumenn.

Verksvið og ábyrgð lögreglumanns er eftirfarandi:

1. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsókn mála.
2. Að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin.
3. Að tryggja réttaröryggi borgaranna með störfum sínum og framkomu, greiða götu þeirra eftir því sem við á og aðstoða þegar hættu steðjar að eða slys ber að höndum.
4. Tiltekin verkefni sem lögreglustjóri felur honum, t.d. forvarnar- og fræðsluverkefni, þjálfun og umsjón leitarhunda og umsjón tækjabúnaðar.
5. Staðgengill varðstjóra. Lögreglustjóri skal ákveða hver lögreglumanna í liði hans skuli vera staðgengill varðstjóra hverju sinni.

11. gr. Lögreglunemar, héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglu.

Lögreglunemar gegna almennum löggæslustörfum undir stjórn og leiðsögn lögreglumanna.

Héraðslögreglumenn eru ráðnir samkvæmt heimild í lögreglulögum til aukastarfa við löggæslu þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

Afleysingamenn í lögreglu eru ráðnir samkvæmt heimild í lögreglulögum vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða leyfa lögreglumanna.

12. gr. Nánari fyrirmæli um verksvið og ábyrgð starfsstiga.

Auk stöðueinkenna samkvæmt reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar bera lögreglumenn í öllum starfsstigum fjögurra stafa lögreglunúmer. Þegar fleiri en einn lögreglumaður með sama starfsstig eru á vettvangi, skal sá fara fyrir þeim sem lægst númer ber nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað.

Lögreglustjóri setur nánari fyrirmæli um verksvið og ábyrgð starfsstiga samkvæmt 5. - 9. gr. í samræmi við stærð og hlutverk embættis síns.

13. gr. Framgangur á milli starfsstiga.

Við ákvörðun um veitingu stöðu á hærra starfsstigi skal höfð hliðsjón af hæfni lögreglumanns, starfsaldri, þekkingu, menntun, starfsreynslu og kyni.

Til þess að hljóta skipun í starf yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns, aðalvarðstjóra/lögreglufulltrúa eða varðstjóra/rannsóknarlögreglumanns, skal umsækjandi hafa lokið tilskildum námskeiðum hjá Lögregluskóla ríkisins og hafa starfað sem lögreglumaður í a.m.k. 2 ár frá því hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins, samkvæmt nánari reglum sem ríkislögreglustjóri setur að fengnum tillögum frá Lögregluskólanum.

14. gr. Skipulag og röðun starfsstiga eftir stærð lögregluliðs.

Dómsmálaráðherra ákveður fjölda yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda aðalvarðstjóra/lögreglufulltrúa og varðstjóra/rannsóknarlögreglumanna að fengnum tillögum viðkomandi lögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins hvað skólann varðar.

Dómsmálaráðherra staðfestir skipurit um starfsemi embættis ríkislögreglustjóra. Skipurit um starfsemi lögreglustjórans í Reykjavík og Lögregluskóla ríkisins skal staðfest af dómsmálaráðherra að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra staðfestir skipurit um starfsemi lögregluembætta utan Reykjavíkur að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra. Stefnt skal að samræmingu á skipulagi lögregluliða af sambærilegri stærð utan Reykjavíkur sem verði í meginatriðum með eftirfarandi hætti:

1. Lögreglulið með 35 lögreglumenn og fleiri:
 - a. 1 yfirlögregluþjónn.
 - b. 2 aðstoðaryfirlögregluþjónar.
 - c. 1 aðalvarðstjóri yfir hverri vakt og 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
 - d. 1 varðstjóri á hverri vakt og 2 - 4 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
2. Lögreglulið með 20 - 34 lögreglumenn:
 - a. 1 yfirlögregluþjónn.
 - b. 1 aðstoðaryfirlögregluþjónn.
 - c. 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
 - d. 1 varðstjóri á hverri vakt og 2 - 4 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
3. Lögreglulið með 10 - 19 lögreglumenn:
 - a. 1 yfirlögregluþjónn.
 - b. 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
 - c. 1 varðstjóri á hverri vakt og 1 - 2 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
4. Lögreglulið með 7 - 9 lögreglumenn:
 - a. 1 yfirlögregluþjónn.
 - b. 1 lögreglufulltrúi þar sem rannsóknardeildir eru.
 - c. 1 varðstjóri á hverri vakt.
5. Lögreglulið með 1 - 6 lögreglumenn.
 - a. Í lögregluliði með 3 - 6 lögreglumenn skal vera aðalvarðstjóri fyrir annarri vaktinni og varðstjóri fyrir hinni.
 - b. Í lögregluliði þar sem 2 lögreglumenn starfa skal annar vera aðalvarðstjóri og hinn varðstjóri.
 - c. Í lögregluliði þar sem 1 lögreglumaður starfar skal hann vera aðalvarðstjóri.

15. gr. Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. mgr. 13. gr. tekur gildi í áföngum en þó eigi síðar en 1. janúar [2007] að loknum undirbúningi námskeiða sem þar er getið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar á starfsheitum sem notuð hafa verið innan lögreglunnar:

1. „Aðalvarðstjóri“ fær starfsheitið: aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi.
2. „Lögreglufulltrúi“ fær starfsheitið: aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi.
3. „Varðstjóri“ fær starfsheitið: varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður.

4. „Rannsóknarlögreglumaður 1 og 2“ fá starfsheitið: varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður.
 5. „Aðstoðarvarðstjóri, lögreglumaður í sérhæfðu starfi, flokksstjóri 1, 2 og 3 og lögreglumaður 1 og 2“ fá starfsheitið: lögreglumaður.
 6. „Lögreglumaður 3“ fær starfsheitið: lögreglunemi.
 7. „Lögreglumaður 4“ fær starfsheitið: afleysingamaður.
 8. „Héraðslögreglumaður“ kemur í staðinn fyrir: héraðslögreglumaður án lögreglunáms.
- Sá sem skipaður hefur verið aðstoðarvarðstjóri skal halda því starfsheiti óbreyttu út skipunartímann. Ef staða hans er ekki auglýst á ný eða viðkomandi óskar þess ekki að láta af störfum við lok fimm ára skipunartíma skal gefa út nýtt skipunarbréf til hans með heitinu „lögreglumaður“.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.

Sólveig Pétursdóttir

Björn Friðfinnsson

REGLUGERÐ
nr. 164 13. febrúar 2004
um breytingu á reglugerð nr. 49 14. janúar 2002
um starfsstig innan lögreglunnar.

1. grein 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar breytist svo:
 Í stað ártalsins „2004“ kemur: 2007.
2. grein Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga,
 nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

Björn Bjarnason

Kristrún Kristinsdóttir

Mánaðarlaun lögreglumanns sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu frá 1. maí 2005

Launataflan hækkar um 2,50% þann 1. janúar 2006.

<i>1. maí 2006 tekur gildi launatafla skv. gr. 1.1.1</i>
--

LFL	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	6. þrep
A01	124.537	128.301	132.179	134.162	136.174	138.217
A02	128.301	132.179	136.174	138.217	140.290	142.394
A03	132.179	136.174	140.290	142.394	144.530	146.698
A04	136.174	140.290	144.530	146.698	148.898	151.131
A05	140.290	144.530	148.898	151.131	153.398	155.699
A06	144.530	148.898	153.398	155.699	158.034	160.405
A07	148.898	153.398	158.034	160.405	162.811	165.253
A08	153.398	158.034	162.811	165.253	167.732	170.248
A09	158.034	162.811	167.732	170.248	172.802	175.394
A10	162.811	167.732	172.802	175.394	178.025	180.695
A11	167.732	172.802	178.025	180.695	183.405	186.156
A12	172.802	178.025	183.405	186.156	188.948	191.782
A13	178.025	183.405	188.948	191.782	194.659	197.579
A14	183.405	188.948	194.659	197.579	200.543	203.551
A15	188.948	194.659	200.543	203.551	206.604	209.703
A16	194.659	200.543	206.604	209.703	212.849	216.042
LFL	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	
B01	160.405	162.811	165.253	167.732	170.248	
B02	165.253	167.732	170.248	172.802	175.394	
B03	170.248	172.802	175.394	178.025	180.695	
B04	175.394	178.025	180.695	183.405	186.156	
B05	180.695	183.405	186.156	188.948	191.782	
B06	186.156	188.948	191.782	194.659	197.579	
B07	191.782	194.659	197.579	200.543	203.551	
B08	197.579	200.543	203.551	206.604	209.703	
B09	203.551	206.604	209.703	212.849	216.042	
B10	209.703	212.849	216.042	219.283	222.572	
B11	216.042	219.283	222.572	225.911	229.300	
B12	222.572	225.911	229.300	232.740	236.231	
B13	229.300	232.740	236.231	239.774	243.371	
B14	236.231	239.774	243.371	247.022	250.727	
B15	243.371	247.022	250.727	254.488	258.305	
B16	250.727	254.488	258.305	262.180	266.113	
B17	258.305	262.180	266.113	270.105	274.157	
B18	266.113	270.105	274.157	278.269	282.443	
B19	274.157	278.269	282.443	286.680	290.980	

LFL	1. þrep	2. þrep	3. þrep
C01	180.695	183.405	186.156
C02	188.948	191.782	194.659
C03	197.579	200.543	203.551
C04	206.604	209.703	212.849
C05	216.042	219.283	222.572
C06	225.911	229.300	232.740
C07	236.231	239.774	243.371
C08	247.022	250.727	254.488
C09	258.305	262.180	266.113
C10	270.105	274.157	278.269
C11	282.443	286.680	290.980
C12	295.345	299.775	304.272
C13	308.836	313.469	318.171
C14	342.761	347.902	353.121
C16	363.794	369.251	374.790
C17	386.118	391.910	397.789